

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1968

REYKJAVÍK 1969

ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.

E F N I S Y F I R L I T

	Bls.
Skýrsla bankastjórnar	5
1. Þjóðarframleiðsla og þróun efnahagsmála	5
2. Greiðslujöfnuður	10
3. Þróun peningamála	15
4. Alþjóðleg efnahagssamvinna	21
5. Framkvæmdasjóður og fjárfestingarlánamál	24
6. Reikningshreyfingar Seðlabankans	30
7. Stjórn bankans o. fl.	32
Reikningar 1968	35
Töflur	47

SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

1. Þjóðarframleiðsla og þróun efnahagsmála

Mikill og samfelldur hagvöxtur ein- kenndi árin 1961—1966, er grund- vallaðist á vaxandi fiskafla og mikilli fjárfestingu. Raunveruleg þjóðarfram- leiðsla jókst að meðaltali á ári um 5,3% á þessu sex ára tímabili. Samtíðaraukning þjóðartekna varð þó enn meiri (7,1% að meðaltali) sökum mjög hag- stæðrar erlendrar verðþróunar á helztu útflutningsafurðum Íslendinga. Hag- vöxtur ársins 1966 var þó vel undir meðaltali fyrri ára, er endurspeglaði straumhvörf í framleiðslu sjávarafurða. Fiskaflinn, sem hafði meira en tvöfald- azt á undanförunum fimm árum, jókst um aðeins rösk 3% árið 1966. Enn fremur breyttist samsetning aflans til hins óhagstæðara, þar eð magn bolfisk- aflans, sem er allmiklu verðmeiri en síldaraflans, minnkaði um rösk 11%, og magn framleiddra sjávarafurða minnkaði um rúmt 1% frá fyrra ári. Jafnframt kom fram allveruleg verð- lækkun ýmissa mikilvægra útflutnings- afurða síðari hluta ársins 1966. Var hér einkum um að ræða verð á lýsi og mjöli og enn fremur frystum fiskflökum. Hafði þetta þá þegar áhrif til lækkunar á vöxt þjóðartekna, þannig að þjóðar- tekjur jukust aðeins lítið eitt meira en þjóðarframleiðsla.

Hin óhagstæða þróun útflutnings- framleiðslunnar, sem tekið hafði að gæta á árinu 1966, hélt áfram í enn ríkari mæli á árinu 1967. Samverkandi áhrif margra óskyldra þátta stuðluðu að um 22% magnminnkun og um 30% verðmætisrýrnun (á föstu gengi) fram- leiddra sjávarafurða á því ári. Fisk- afli á árinu 1967 minnkaði um tæp 28%, og útflutningsverðlag lækkaði um tæp 12% að meðaltali frá fyrra ári. Auk þess lokaðist markaðurinn fyrir skreiðarsölu til Nígeríu sökum borg- arastyrjaldar, er skall á um vorið 1967. Þessi mikla rýrnun útflutnings- framleiðslu hafði gagnger áhrif á þjóðarframleiðsluna, sem dróst saman að magni um 1,5%. Raunverulegar þjóðartekjur drógust þó miklu meira saman eða um 8,0%, sem er bein afleiðing hins mikla verðfalls helztu útflutnings- afurða Íslendinga, sem, eins og áður segir, fór að gæta á árinu 1966. Sam- dráttur þjóðarframleiðslu og þjóðar- tekna hefði þó orðið enn þá meiri, ef ekki hefði verið um að ræða á árinu 1967 miklar fjárfestingarframkvæm- dir, er staðið var undir með fjármagns- innflutningi. Einnig jafnaðist mikill hluti tekjurýrnunarinnar af greiðslu- halla ríkissjóðs og útlánaaukningu

Seðlabankans, sem kom fram í mikilli rýrnun gjaldeyrisforðans.

Allar vonir um það, að hin óhagstæða afkoma þjóðarbúsins myndi stöðvast eða snúast við á árinu 1968, urðu að engu. Eftir því sem á árið leið, versnaði heildarafkoma þjóðarbúsins sökum hins mikla aflabrests á síldveiðum og enn frekara verðfalls mikilvægra útflutningsafurða. Áhrif þessara áfalla til kjararýrnunar og samdráttar í eftirspurn og athafnalífi breiddust síðan út um allt efnahagslífið. Fiskafllinn árið 1968 nam samkvæmt bráðabirgðatölum 600 þús. tonnum, en það er nákvæmlega helmingur aflans árið 1965 og aðeins undir helmingi afla ársins 1966, en um 33% minnkun frá árinu 1967. Aflabrestur á síldveiðum olli þessari stórfelldu breytingu, þar sem bolfiskafllinn jókst nokkuð. Síldarafllinn árið 1968 mun hafa numið um 142 þús. tonnum samanborið við 462 þús. tonn árið 1967 og 771 þús. tonn árið 1966, en líta þarf aftur til ársins 1960 til þess að finna dæmi um svo lítinn síldarafla. Áætlað er, að framleiðslumagn sjávarútvegsins hafi minnkað um 15% árið 1968 og framleiðsluverðmæti sjávarútvegsins hafi jafnframt minnkað enn meira eða um nærri 20%. Á síðastliðnum tveimur árum, þ. e. a. s. árin 1967 og 1968, mun framleiðslumagn sjávarútvegsins því hafa dregizt saman um rösk 33% og framleiðsluverðmætið um 44%. Verðfall sjávarafurða hélt áfram á árinu 1968, þó ekki að sama skapi og árið áður. Áætlað er, að á árinu 1968 hafi meðalverð útfluttra sjávarafurða lækkað um 5,5% frá fyrra ári. Hefur meðalútflutningsverð íslenskra sjávarafurða þannig fallið um tæp 17% á síðastliðnum tveim-

ur árum. Verðfall bræðslusíldarafurða, sem hófst á árinu 1966, hélt áfram á árinu 1968. Meðalverð síldarlýsis lækkaði um 28% árið 1968, og hefur meðalverð síldarlýsis því lækkað um 52% á síðastliðnum þremur árum, þ. e. a. s. frá meðalverði, er gildi árið 1965. Meðalverð síldarmjòls lækkaði einnig um rúm 12% á árinu 1968 og var um það bil 28% undir meðalverði ársins 1965. Verð á freðfiski lækkaði einnig á árinu 1968, þó ekki nálægt því eins mikið og árið áður, er meðalverðlækkun freðfisks nam um 15%. Verð á freðfiski hækkaði lítið eitt um áramótin 1967—68, en er á leið árið, varð enn á ný verðfall á frystum fiski, og reyndist meðalverð ársins um 4% lægra en áramótaverðið. Þessi stórfellda minnkun fiskafla og útflutningsframleiðslu hafði mikil og óhagstæð áhrif á afkomu þjóðarbúsins á árinu 1968, annað árið í röð. Samkvæmt bráðabirgðaáætlun Efnahagsstofnunarinnar mun verðmæti þjóðarframleiðslunnar hafa numið 25.500 millj. kr. á árinu 1968. Áætlað er, að raunveruleg minnkun þjóðarframleiðslunnar á árinu 1968, í samanburði við 1967, hafi orðið um 5%. Sé enn fremur tekið tillit til þess, að meðalútflutningsverð á árinu 1968 lækkaði um 5,5% frá meðaltali fyrra árs, hafa þjóðartekjur lækkað um nálægt 7% á milli áráanna 1967 og 1968. Reiknað á mann hefur minnkun þjóðarframleiðslunnar orðið 6,5%, en lækkun þjóðartekna á mann um 8,2%. Hefur raunveruleg þjóðarframleiðsla á mann þannig dregizt saman um 9—10% og þjóðartekjur á mann minnkað um 16—17% á tveimur síðastliðnum árum. Við þennan afturkipp hefur bæði þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur, að

tiltölu við mannfjölda, komizt niður á það stig, er ríkti á árunum 1962 og 1963.

Þjóðarframleiðsla (verg) og verðmætaráðstöfun 1968.
(Bráðabirgðaáætlun).

	Millj. kr. á verðlagi ársins.	Rauveru- legur vöxtur í % frá fyrra ári
Þjóðarframleiðsla á markaðsvirði	25.500	÷ 5,0
Innflutningur vöru og þjónustu	12.265	÷ 8,3
Heildarverðmæti til ráðstöfunar	37.765	÷ 6,4
Ráðstöfun:		
Útflutningur vöru og þjónustu	9.650	÷ 3,6
Ráðstöfun innan lands	28.115	÷ 7,7
Einkaneyzla	17.000	÷ 5,2
Samneyzla	2.800	2,7
Fjárfesting í fasta- fjármunum	8.550	÷ 10,4
Birgðabreyting út- flutningsvöru- birgða og bústofns	÷ 235	—
<i>Geiraskipting fjárfest- ingar fastafjármuna:</i>		
Atvinnuvegirnir		÷ 25,4
Íbúðarhús		÷ 12,7
Byggingar og mann- virki hins opinbera		15,5

*Rauveruleg þjóðarframleiðsla
og þjóðartekjur*

	1961-66 meðaltal sex ára	1967	1968 (bráðab- tala)
Þjóðarframleiðsla, verg	5,3	÷ 1,5	÷ 5,0
Þjóðarframleiðsla á mann	3,4	÷ 3,1	÷ 6,5

Þjóðartekjur, vegar ¹⁾	7,1	÷ 8,0	÷ 6,7
Þjóðartekjur á mann	5,2	÷ 9,4	÷ 8,2

¹⁾ Þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa breyttra viðskiptakjara.

Hin óhagstæða tekjupróun útflutningsatvinnuveganna á árinu 1968 leiddi óhjákvæmilega til samdráttar í framkvæmdum og framleiðslu fyrir innlendan markað sökum hinna nánú tengsla við aðra atvinnuvegi. Áætlað er, að iðnaðarframleiðsla fyrir innlendan markað í heild hafi staðið í stað eða dregizt lítið eitt saman árið 1968. Iðngreinar áttu misjafnt uppdráttar, en að sjálfsögðu áttu þær greinar, sem tengdastar eru sjávarútveginum, einna örðugast. Enn fremur er áætlað, að byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hafi dregizt saman um 6% árið 1968, þrátt fyrir aukningu stórfamkvæmdanna við Búrfell og Straumsvík. Árið 1967 varð hins vegar um 10% framleiðsluaukning í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Áætlað er, að samdráttur hafi einnig orðið í landbúnaði, svo og verzlun og þjónustu, annarri en opinberri. Umskiptin frá vexti til samdráttar í byggingarstarfsemi, sem um árabil hefur tekið á móti drjúgum hluta aukningar mannaflans, samfara miklum samdrætti í afla og tekjusköpun sjávarútvegsins, áttu drýgstan þátt í þeirri breytingu atvinnuástandsins, sem átti sér stað á árinu 1968 og enn ríkir. Samdráttur þjóðarframleiðslu og atvinnu hefði orðið meiri á árinu 1968, ef gagnverkandi efnahagsaðgerðum hefði ekki verið beitt svipað og gert var árið áður.

Stuðningur ríkissjóðs við atvinnurekstur og þá sérstaklega sjávarútveginn leiddi af sér verulegan greiðsluhalla og útstreymi fjár frá Seðlabankanum, jafnframt því sem Seðlabankinn stóð fyrir mikilli útlánaaukningu til banka og fjárfestingarlánastofnana. Mótvægi þeirrar kaupgetu- og eftirspurnaraukningar, sem af þessum aðgerðum leiddi, kom fram í mikilli lækun gjaldeyrisforðans á árinu 1968, svipað og átti sér stað árið áður. Megintilgangur ofangreindra efnahagsaðgerða beindist að því að draga úr áhrifum tekjumissisins, sem átti upptök í samdrætti útflutnings- tekna. Engu að síður leiddi sá framleiðsluhnekkir, sem þjóðarbúið varð fyrir, til þess, að verðmætaráðstöfun til innlendra nota minnkaði um tæp 8%. Einkaneyzla mun hafa dregið saman um rösk 5% á árinu 1968, en hafði aukizt um rúmt 1% árið áður og að meðaltali um 5,5% á árunum 1961—66. Fjármunamyndun dróst enn meira saman eða um rúm 10%, en hafði vaxið um tæp 14% árið 1967 og að meðaltali um rúm 8% árin 1961—66. Mestur varð samdrátturinn í fjármunamyndun atvinnuvega eða alls rúm 25%, þrátt fyrir verulega fjárfestingaraukningu í álverksmiðjunni við Straumsvík. Árið 1967 hafði fjármunamyndun atvinnuveganna vaxið um tæp 9%, og meðaltalsvöxtur áranna 1961—66 reyndist 7,5%. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst einnig saman um tæp 18% á árinu 1968, en hafði vaxið um tæp 10% árið áður og að meðaltali um rúm 6% árin 1961—66. Opinber fjármunamyndun jókst hins vegar um 15,5% á árinu 1968. Hér var eingöngu um að ræða fjárfestingu í sambandi við Búr-

fellsvirkjun, sem jókst verulega á árinu. Að þeirri fjárfestingu undanskilinni var um verulegan samdrátt að ræða í opinberri fjármunamyndun á árinu 1968.

Hin stórfellda tekjuskerðing útflutningsatvinnuveganna á árinu 1968 samfara sérstökum efnahagsaðgerðum, sem miðuðu að því að halda uppi meiri eftirspurn innan lands en tekjur þjóðarbúsins raunverulega leyfðu (og gert hefur verið grein fyrir að ofan), stuðlaði að versnandi greiðslujöfnuði og minnkandi gjaldeyrisforða. Hinn 3. september 1968 var lagður sérstakur 20% skattur á innfluttar vörur og sölu á ferðamannagjaldeyri til þess að draga úr eftirspurn eftir erlendum gjaldmiðli. Þessar álögur báru aðeins takmarkaðan árangur, og gjaldeyrisforðinn hélt stöðugt áfram að minnka. Þegar frekar leið á haustið, minnkaði svigrúm til þess að halda uppi eftirspurn og atvinnu jafnt og þétt. Þá er sýnt þótti, að greiðslustöðu og efnahagslegu öryggi þjóðarinnar út á við, svo og lífskjörum almennings og atvinnuöryggi, var stefnt í voða, var ákveðið að grípa til róttækra efnahagsráðstafana, er hefðu þau meginmarkmið að skapa atvinnuvegunum á ný viðunandi afkomu- og vaxtarskilyrði, jafnframt því sem greiðslustaðan út á við yrði bætt. Hinn 12. nóvember 1968 ákvað bankastjórn Seðlabankans, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að lækka stofngengi íslenzku krónunnar um 35,2%. Jafnframt voru ríkisfjárlög fyrir árið 1969 afgreidd hallalaus, en verulegur halli varð hjá ríkissjóði árið 1968.

Gengisbreytingin hafði þegar í för með sér mikil umskipti í gjaldeyrisfél-

um, og batnaði gjaldeyrisstaðan mjög mikið til áramóta, einkum í desembermánuði. Var hér að nokkru um að ræða venjulega árstíðasveiflu, en gjaldeyrisstekjur eru venjulega allmiklar í desembermánuði. Á hinn bóginn dró, sem vænta mátti, verulega úr eftirspurn eftir gjaldeyri í kjölfar svo mikillar gengisbreytingar, og urðu umskiptin enn sneggri vegna þess, að óeðlilega mikil eftirspurn hafði verið eftir innfluttum vörum vikurnar fyrir gengisbreytinguna vegna spákaupmennsku. Hér hefur farið, svo sem vænta mátti, að fyrstu áhrif gengisbreytingarinnar kæmu fram í minni innflutningi og gjaldeyrisnotkun. Hins vegar hlýtur lengri tími að líða, þangað til áhrifanna fer að gæta að ráði í útflutningstekjum.

Við ákvörðun gengisbreytingarinnar var að því stefnt, að sjávarútvegurinn yrði rekinn hallalaus, og voru afnumdir allir þeir rekstrarstyrkir, sem hann hefur notið undanfarin tvö ár. Jafnframt mun gengisbreytingin einnig skapa öðrum framleiðslugreinum, einkum í iðnaði, bætta samkeppnisaðstöðu

og stuðla að aukinni eftirspurn eftir innlendum framleiðsluþáttum. Þetta tvennt, aukinn útflutningur og tilflutningur eftirspurnar frá erlendum til innlendra framleiðsluþátta, er nauðsynlegt, til þess að heilbrigður jöfnuður geti náðst að nýju í greiðsluviðskiptum Íslands við umheiminn eftir hina stórfelldu lækkun útflutningstekna, sem átt hefur sér stað undanfarin tvö ár.

Mikilvægt er, að stefnan í efnahagsmálum verði á næstunni miðuð við það fyrst og fremst að nýta sem bezt þau tækifæri til eflingar og aukinnar fjölbreytni í íslenskri framleiðslu, sem gengisbreytingin veitir. Hér skiptir tvennt mestu máli. Annars vegar, að markvisst verði unnið að því að beina fjármagni og framleiðsluþáttum til þeirra greina, sérstaklega í útflutningsframleiðslu, sem mesta vaxtarmögleika hafa, en hins vegar, að komið verði í veg fyrir víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, er á skömmum tíma gætu eytt því mikla svigrúmi til uppbyggingar og aukinnar atvinnu, er gengisbreytingin skapar.

2. Greiðslujöfnuður

Þær tölur, sem fyrir liggja um afkomu þjóðarbúsins út á við á árinu 1968, sýna, að mikill halli varð á greiðslujöfnuði. Var um að ræða áframhald þeirrar óhagstæðu þróunar útflutningstekna, sem hófst síðari hluta árs 1966 og stafaði af lækkandi verðlagi á útflutningsafurðum og mikilli rýrnun aflamagns á síldveiðum. Mun lækkun verðmætis útflutningsframleiðslunnar á árinu (miðað við fast gengi) hafa numið nálægt 20% miðað við árið áður. Heldur minni rýrnun varð á verðmæti útflutnings, en það var vegna þess, að útflutningsvörubirgðir lækkuðu miklu meira 1968 en árið áður. Nam lækkun á verðmæti útflutningsvörubirgða 450 millj. kr. á árinu, þegar miðað er við verðlag birgða í ársbyrjun annars vegar og verðlag í árslok hins vegar og miðað við það gengi, sem gildi í ársbyrjun.

Innflutningur lækkaði nokkru minna hlutfallslega miðað við fyrra ár en útflutningur. Almennur innflutningur lækkaði um nálægt 17% miðað við árið 1967, en innflutningur í heild lækkaði um nálægt 13%, og er þá miðað við sama gengi bæði árin 1967 og 1968. Innflutningur skipa og flugvéla lækkaði mjög mikið, en innflutningur vegna framkvæmda við Búrfell og byggingar álbræðslu jókst hins vegar talsvert.

Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar var heildarhallinn á vöruskiptum við útlönd um 3.200 millj. kr. á árinu 1968, ef inn- og útflutningur er allt árið reiknaður á því gengi, sem gildi fyrir 12. nóvember 1968, og innflutningur

enn fremur reiknaður á c.i.f. verði, það er að meðtöldum flutningsgjöldum og tryggingum. Séu áætluð flutningsgjöld og annar innflutningskostnaður dreginn frá innflutningstölum Hagstofunnar, en við þær bætt þeim hluta af innflutningi vegna álbræðslunnar í Straumsvík, sem ekki hefur enn verið talinn á skýrslum Hagstofunnar og nam um 300 millj. kr. ásamt innflutningi vegna varnarliðsins, sem ekki er heldur talinn á skýrslum Hagstofunnar og nam um 75 millj. kr., verður niðurstaðan sú, að vöruskiptajöfnuðurinn hafi orðið óhagstæður um nálægt 2.800 millj. kr. á árinu 1968 miðað við það gengi, sem gildi fyrir 12. nóvember 1968. Er þá meðtalinn innflutningur skipa og flugvéla, innflutningur vegna virkjunarframkvæmda við Búrfell, álbræðslunnar í Straumsvík og varnarliðsins, en alls nam þessi innflutningur um 1.500 millj. kr. Hallinn á vöruskiptajöfnuðinum án þessa sérstaka innflutnings, sem greiddur var allur með lánsfé og fé erlendra aðila, nam því 1.300 millj. kr.

Enn, sem komið er, eru aðeins fyrir hendi lauslegar áætlanir um þjónustujöfnuðinn, en til hans teljast tekjur og gjöld af samgöngum, ferðalögum, tryggingum, vaxtagreiðslum, varnarliðsviðskiptum o. fl. Samkvæmt bráðabirgðaáætlun er gert ráð fyrir, að þjónustujöfnuðurinn hafi orðið hagstæður um tæplega 150 millj. kr., og eru þá meðtalin 50 millj. kr. gjöld vegna álbræðslu og 120 millj. kr. vegna framkvæmda við Búrfell. Viðskiptajöfnuður-

inn í heild er því áætlaður óhagstæður um tæpar 2.700 millj. kr., en um 1.000 millj. kr., ef frá eru talin viðskipti vegna álbræðslu og framkvæmda við Búrfell.


Meðfylgjandi yfirlit sýnir bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuðinn 1968, en þar eru einnig tilgreindar endanlegar tölur fyrir árið 1967.

Greiðslujöfnuður við útlönd.

Í millj. kr.

	1967	1968
<i>Vörur og þjónusta:</i>		
Innflutt skip og flugvélar	÷ 800	÷ 380
Innflutt v/Búrfells	÷ 150	÷ 430
Innflutt v/hafnargerðar í Straumsvík	—	÷ 50
Innflutt v/ álbræðslu ...	÷ 120	÷ 575
Innflutt v/varnarliðsins..	÷ 50	÷ 75
Sérstakur innfl. samtals	÷1.120	÷1.510
Aðrar innfluttar vörur ..	÷5.410	÷6.000
Innflutt alls	÷6.530	÷7.510
Útflutningur	+4.246	+4.680
Vöruskiptajöfnuður	÷2.284	÷2.830
Þjónustujöfnuður, nettó ..	+ 34	+ 145
<i>Viðskiptajöfnuður</i>	÷2.250	÷2.685
<i>Framlög án endurgjalds ..</i>	÷ 60	÷ 50
<i>Fjármagnshreyfingar:</i>		
Lántökur opinberra aðila,	+ 313	+1.200
Lántökur einkaaðila, nettó	+ 228	÷ 440
Erlent einkafjármagn ...	+ 290	+ 825
Aðrar hreyfingar, nettó ..	+ 350	+ 200
<i>Fjármagnsjöfnuður</i>	+1.181	+1.785
Skekkjur og vantalið, nettó	+ 59	+ 100
<i>Heildargreiðslujöfnuður ..</i>	÷1.070	÷ 850

Á móti hallanum á viðskiptajöfnuði ársins 1968 koma ýmsar fjármagnshreyfingar, er námu nettó um það bil



1.800 millj. kr. Helztu þættir fjármagnsjafnaðarins eru innkomin lán til lengri tíma en eins árs, endurgreiðslur slíkra lána, stutt vörukaupalán, fyrirframgreiðslur vegna skipa og flugvéla, erlent einkafjármagn til atvinnurekstrar og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Af erlendum lántökum til eins árs eða lengri tíma voru alls notaðar um 1.800 millj. kr. Þar af námu lántökur einkaaðila um 220 millj. kr., en þær eru því nær eingöngu vegna skipa- og flugvélakaupa. Lántökur opinberra aðila námu rúmlega 1.570 millj. kr., þar af voru um 1.100 millj. kr. vegna virkjunar við Búrfell og hafnargerðar í Straumsvík. Endurgreiðslur af föstum lánnum námu alls um 1.030 millj. kr., þar af um 660 millj. kr. af einkalánnum, en um 370 millj. kr. af opinberum lánnum. Samkvæmt þessum tölum, sem allar byggjast á bráðabirgðaáætlunum, lækkuðu föst erlend lán einkaaðila um 440 millj. kr., en opinber lán hækkuðu um 1.200 millj. kr. Heildarskuldir þjóð-

arbúsins í formi fastra lána hækkuðu því um 760 millj. kr. á árinu 1968, þegar miðað er við það gengi, sem gilti mestan hluta ársins, en árið 1967 hækkuðu föst erlend lán um 718 millj. kr., ef miðað er við sama gengi. Stutt erlend vörukaupalán lækkuðu um 127 millj. kr. á árinu 1968, en árið áður lækkuðu þau um 52 millj. kr.

Innkomið erlent einkafjármagn til atvinnurekstrar nam rúmlega 800 millj. kr. Í heild er áætlað, að fjármagnsjöfnuðurinn hafi orðið hagstæður um nálægt 1.800 millj. kr., og verður því niðurstaðan sú, að heildargreiðslu-jöfnuðurinn, eins og hann kemur fram í gjaldeyrisviðskiptum bankanna, hafi orðið óhagstæður um 850 millj. kr. Allar framangreindar tölur eru miðaðar við það gengi, sem gilti fyrir 12. nóvember 1968.

Yfirlitið hér á eftir sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna við árslok sl. þrjú ár, skipt á Seðlabanka og viðskiptabanka og enn fremur skipt á frjálsan gjaldeyri og vöruskiptagjaldeyri. Eru tölurnar umreiknaðar í íslenskar krónur samkvæmt skráðu gengi í hver árslok.

Vegna mikillar lækkunar á útflutningi á árinu 1968 og þar af leiðandi rýrnunar á gjaldeyrisstöðunni notfærði Ísland sér lántökumöguleika hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem standa þátttökuríkjum til boða, þegar útflutningstekjur lækka skyndilega og verulega á ákveðnu tímabili og viðkomandi ríki geta ekki komið í veg fyrir það. Í nóvember sl. var samið um jöfnunarlán (compensatory financing), er nam einum fjórða af framlagi Íslands til sjóðsins eða 3,75 millj. dollara, sem jafngilda 330 millj. kr. miðað við núverandi gengi.

Gjaldeyrisstaða bankanna

	Í millj. kr.		
	1966	1967	1968
<i>Seðlabankinn</i>			
Frjáls gjaldeyri og gull:			
Eignir	2.499	2.012	2.512
Skuldir	83	466	1.225
Frjáls gjaldeyri, nettó	2.416	1.546	1.287
<i>Vöruskiptareikningar:</i>			
Eignir	26	63	52
Skuldir	214	93	204
Vöruskiptareikn., nettó	÷ 188	÷ 30	÷ 152
Nettóstaða Seðlabankans	2.228	1.516	1.135
<i>Viðskiptabankar</i>			
Erlendar eignir	66	72	110
Erlendar skuldir*	379	547	943
	÷ 313	÷ 475	÷ 833
<i>Gjaldeyrisstaða bankanna</i>			
Frjáls gjaldeyri	2.103	1.071	454
Vöruskiptagjaldeyri	÷ 188	÷ 30	÷ 152
Alls	1.915	1.041	302

* Þar af útflutningsvöruvíxlar 1966: 207 m. kr., 1967: 253 m. kr. og 1968: 447 m. kr.

Í nóvembermánuði 1967 veitti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn Íslandi sams konar lán, sem nam jafnhárri upphæð í dollurum. Endurgreiðslur á slíkum lánum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru háðar þróun útflutningstekna, en almennar reglur mæla svo fyrir, að lánin skuli endurgreiða að fullu á þremur til fimm árum.

Til þess að treysta greiðsluáðstöðuna gagnvart útlöndum og til tryggingar óhindruðum, eðlilegum viðskiptum tók Seðlabankinn í nóvember sl. lán hjá Evrópusjóðnum að upphæð 5 millj. dollara eða 440 millj. kr., en Evrópusjóðurinn veitir þátttökuríkjum OECD lán til skamms tíma, þegar þau eiga í tímabundnum gjaldeyriserfið-

leikum. Lántakan hjá Evrópusjóðnum er aðeins umsamin til sex mánaða. Framangreindar lántökur hafa ekki áhrif á gjaldeyrisstöðuna nettó, þar sem andvirði lánanna kemur inn í stöðuna, sem aukin gjaldeyriseign, en skuldirnar við viðkomandi stofnanir eru færðar á móti til skulda. Loks notaði Seðlabankinn í sept. 1968 rétt sinn til að taka yfirdráttarlán hjá seðlabönkum hinna Norðurlandanna samkvæmt samningi þeirra þar um. Þetta lán var að fullu greitt í desember.

Í 3. töflu í töflusafni aftast í skýrslunni er nánara yfirlit um greiðslujöfnuðinn við útlönd á árunum 1964—1968, og í 4. töflu er yfirlit um gjaldeyrisstöðu bankanna síðan 1960.

Helztu breytingar á skiptingu innflutnings á lönd á árinu 1968 voru þær, að innflutningur frá löndum Efnahagsbandalagsins jókst úr 24% í 28% af heildarinnflutningi, en innflutningur frá Bandaríkjunum og Kanada lækkaði úr 15,6% í rúm 11% af heildarinnflutningi. Innflutningur frá löndum Fríverzlunarsvæðisins var því nær óbreyttur hlutfallslega og nam rúmlega 41% af heildarinnflutningi, sömuleiðis var hlutdeild Austur-Evrópulanda óbreytt, rúmlega 11% af heildarinnflutningi. Að því er viðkemur skiptingu útflutnings á lönd voru helztu breytingar þær, að hlutfallslega jókst útflutningur til Bandaríkjanna úr 15% í 25% af heildarútflutningi. Hlutdeild landa Fríverzlunarsvæðisins lækkaði úr tæpum 45% í rúm 37% og hlutdeild Austur-Evrópulanda lækkaði úr rúmum 17% í 14,5% af heildarútflutningi. Hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins var nær óbreytt, tæp 15% af heildarútflutningi.

VIÐSKIPTASAMNINGAR. Á árinu 1968 var undirritað samkomulag milli Íslands og Rússlands um gagnkvæm viðskipti á jafnvirðiskaupagrundvelli fyrir 1969 til 1971. Samkomulagið er byggt á viðskipta- og greiðslusamningi landanna frá 1953.


Viðskipti milli Íslands og Brasilíu hafa verið á jafnvirðiskaupagrundvelli samkvæmt samningi frá 1956. Á árinu 1968 var gerður nýr greiðslusamningur milli Seðlabanka Íslands og Banco Central do Brasil. Reikningsviðskiptin voru flutt frá Banco do Brasil til Banco Central do Brasil. Banco do Brasil starfar þó áfram sem viðskiptabanki í viðskiptum milli landanna. Viðskiptin eru ekki bundin árlegum vörulistum.

Á grundvelli viðskiptasamnings frá 1966 var gengið frá bókun um viðskipti Íslands og Póllands um viðskipti á árinu 1969. Voru vörulistar óbreyttir frá fyrra ári. Einnig varð samkomulag um óbreytta vörulista í viðskiptum Íslands og Tékkóslóvakíu.

Vöruskiptasamningar á jafnvirðiskaupagrundvelli voru í gildi á árinu 1968 milli Íslands og eftirtalinna landa: Brasilíu, Rúmeníu, Rússlands og Ungverjalands, auk samnings við Austur-Pýzkaland, sem byggður er á einkaviðskiptum.

Auk framangreindra samninga voru almennir viðskiptasamningar í gildi við eftirtalin lönd á árinu 1968: Bandaríkin, Bretland, Búlgaríu, Danmörku, Finnland, Frakkland, Írland, Ísrael, Júgóslavíu, Kúbu, Spán, Svíþjóð og Vestur-Pýzkaland.

GENGISBREYTING. Stofngengi íslensku krónunnar var frá ársbyrjun til



11. nóvember 1968 57,00 kr. í einum Bandaríkjadollar.

Útflutningsframleiðsla Íslendinga hefur á undangengnum tveimur árum orðið fyrir meiri áföllum og erfiðleikum en um áratuga skeið, bæði að því er varðar aflabrógð og útflutningsverðlag. Lækkandi útflutningstekjur hafa svo leitt til samdráttar í hagkerfinu og minnkandi atvinnu, jafnframt því sem greiðslujöfnuður hefur farið versnandi og gjaldeyrisforðinn rýrnað. Við þessar aðstæður var því óhjákvæmilegt að grípa til efnahagsráðstafana, er hefðu það markmið að skapa atvinnuvegunum viðunandi rekstrargrundvöll og leiðréttu hallann á greiðslujöfnuðinum við útlönd. Var það skoðun bankastjórnar Seðlabankans, að gengisbreyting hlyti að verða einn meginþáttur slíkra ráðstafana, en með henni væri bæði stefnt að því að tryggja núverandi útflutningsatvinnuvegum á ný viðunandi rekstrar-skilyrði og jafnframt að skapa ný tækifæri til aukinnar fjölbreytni útflutningsatvinnuveganna.

Hinn 11. nóvember 1968 ákvað Seðlabankinn, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að nýtt stofngengi (par value) íslenzkrar krónu skyldi vera 88,00 kr. hver bandarískur dollar, en það er 35,2% lækkun frá því stofngengi, sem áður gildi, og tók hið nýja stofngengi gildi að morgni 12. nóvember 1968.

Öll gjaldeyrisviðskipti bankanna voru stöðvuð 11. nóvember, en að morgni 12. nóvember var gengisskráning fyrir einstakar myntir birt, og hófust gjaldeyrisviðskipti samkvæmt hinu nýja gengi við byrjun afgreiðslutíma þeirra þann dag.

Í samræmi við hið nýja stofngengi íslenzkrar krónu, 88,00 kr. á dollar, og gullverð í New York, 35 dollarar fyrir hverja "troy ounce" (þ. e. 31,1035 grömm) af skíru gulli er verð einnar "troy ounce" 3.080,00 kr. eða 1,00 kr. = 0,0100985 grömm af skíru gulli.

Eftir að Seðlabankinn hafði tilkynnt nýtt stofngengi íslenzku krónunnar, samþykkti Alþingi lög nr. 74 12. nóvember 1968 um ráðstafanir, sem taldar voru nauðsynlegar vegna ákvörðunar um gengi krónunnar. Mikilvægustu ákvæði laganna eru um meðferð gengismunar af erlendum eignum og skuldum bankanna vegna gengisbreytingarinnar og að greiða skuli útflytjendum útflyttra afurða, sem framleiddar eru fyrir 15. nóvember 1968, á því gengi, sem gildi fyrir 11. nóvember 1968.

Sá gengismunur, sem fram kom hjá þeim bönkum, er verzla með erlendan gjaldeyri, með tilliti til erlendra eigna og skulda, var færður á gengisbreytingarreikning þann, sem stofnaður var með lögum nr. 69 25. nóvember 1967.

Færslum á reikninginn var ekki að fullu lokið á árinu 1968, en í árslok nam fjárhæð hans tæpum 419 millj. kr., en þar af var óuppgerð skuld við gjald-eyrisbankana rúmlega 207 millj. kr.

Mismunur á andvirði skilaðs gjald-eyris á eldra genginu og nýja genginu vegna útfluttra afurða framleiddra fyrir 15. nóvember 1968, er færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, er með sérstökum lögum ráðstafað í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði.

GENGISSKRÁNING. Á árinu 1968 var gengi krónunnar gagnvart bandarískum dollar þannig fram til 9. nóvember, að kaupgengi var 56,93 kr. og sölugengi 57,07 kr. hver dollar, en frá 12. nóvember var kaupgengi skráð á 87,90 kr. og sölugengi á 88,10 kr. Gengi á öðrum frjálsum gjaldeyri var hins vegar breytilegt eftir gengi viðkomandi gjaldeyris gagnvart dollar. Ellefta tafla aftast í þessari skýrslu sýnir skráningu einstakra mynta í lok hvers mánaðar 1968.

3. Þróun peningamála

Hinn mikli samdráttur útflutnings- og þjóðartekna, sem varð á árinu 1968 og lýst hefur verið hér að framan, hafði mikil áhrif á peningamarkaðnum árið 1968. Þessi óhagstæða þróun hafði hafizt þegar á síðari hluta ársins 1966, en hafði ágerzt mjög á árinu 1967. Mjög hafði dregið úr peningapenslunni undir lok ársins 1966, og á árinu 1967 dróst peningamagn í höndum fyrirtækja og almennings allmikið saman, og verulega dró úr vexti sparifjár. Lausafjárstaða bankanna, sem hafði rýrnað undir lok ársins 1966, versnaði mjög mikið á árinu 1967.

Þróun peningamála árið 1968 varð svipuð og árið áður, þó að nokkur stefnu-breyting fylgdi í kjölfar gengislækkunar krónunnar, sem framkvæmd var 12. nóvember 1968. Samdráttaráhrif þau, er áframhaldandi lækkun útflutnings-verðmætisins hafði í för með sér, ásamt hækkuðum framleiðslukostnaði, gróf

undan rekstrargrundvelli atvinnufyrirtækja, sérstaklega í sjávarútvegi og greinum nátengdum honum, þrátt fyrir gengisbreytinguna í nóvember 1967. Orsakaði þetta vaxandi lausafjárerfiðleika fjölda fyrirtækja, er á árið leið. Lausafjárstaða innlánsstofnana versnaði einnig verulega á árinu 1968, þar eð eftirspurn eftir lánsfé hélzt mikil vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækja. Útlánaaukning bankanna, sem jókst nokkuð frá fyrra ári, var langt umfram ráðstöfunarfé þeirra og leiddi af sér mikið peningaúttstreymi úr Seðlabankanum. Fjárhagserfiðleikar atvinnuveganna komu einnig fram í fjárhag fjárfestingar-arlánastofnana, sem mættu umframfjárbörf sinni með lántökum hjá bankakerfinu og þá sérstaklega Seðlabankanum. Versnaði staða fjárfestingar-arlánastofnana gagnvart Seðlabankanum nokkuð á árinu 1968, en þó ekki að sama skapi og árið áður. Stuðningur ríkissjóðs við at-

vinnuvegina og auknar niðurgreiðslur til þess að halda framfærslukostnaði niðri, leiddi einnig af sér verulegt peningaúttstreymi frá Seðlabankanum á árinu 1968. Þó batnaði staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum allmikið í kjölfar gengislækkunarinnar í nóvember 1968, sumpart af árstíðabundnum ástæðum, en einnig vegna peningainnstreymis, sem orsakaðist af þeim gengismun, er myndaðist við sölu á afurðum framleiddum fyrir 15. nóvember 1968, en útfluttum eftir gengisbreytinguna fram til áramóta. Þessi gengismunur var lagður á sérstakan reikning ríkissjóðs hjá Seðlabankanum, en verður síðan ráðstafað til atvinnuveganna samkvæmt lögum. Um áramót var 261 millj. kr. innstæða á þessum reikningi.

Það peningaúttstreymi, sem orsakaðist af versnandi stöðu bankanna, fjárfestingarlánastofnana og ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum, kom fram sem rýrnun á gjaldeyrisstöðunni, þar eð seðlavelta og mynt dróst lítið eitt saman á árinu 1968. Seðlabankinn hafði því erfiða hlutverki að gegna á árinu 1968, eins og árið áður, að reyna að sporna við hinni alvarlegu rýrnun gjaldeyrisforðans með peningalegu aðhaldi. Þrátt fyrir þessa miklu rýrnun gjaldeyrisforðans annað árið í röð, sá Seðlabankinn sér ekki fært að skerpa þau hagstjórnartæki, sem hann hefur á valdi sínu, t. d. með hækkun bindisskyldu eða vaxta, vegna hinnar óhagstæðu efnahagsþróunar og veika atvinnuástands, er ríkti á árinu. Stefnan í peningamálum, sem og fjármálum ríkisins, mótaðist því í ríkið mæli af því að viðhalda framleiðslu og kaupgetu almennt, þó að slíkt


leiddi til gjaldeyriseyðslu umfram tekjur. Framkvæmd slíkrar stefnu hlaut þó að takmarkast annars vegar af tekjuþróun útflutningsatvinnuveganna og hins vegar af stærð gjaldeyrisforðans og lánamöguleikum út á við. Þegar kom fram á haustið 1968, eins og lýst hefur verið að framan, þótti sýnt, að svigrúmið til þess að framfylgja gagnverkandi peninga- og fjármálastefnu var orðið þröngt og grípa varð til annarra og varanlegri aðgerða. Í kjölfar fylgdu, eins og áður greinir, ýmsar ráðstafanir samfara lækkun á gengi krónunnar. Fjárlög fyrir árið 1969 voru afgreidd hallalaus, en það á að gefa Seðlabankanum aukinn sveigjanleika í útlánastefnu sinni og gera honum kleift að beina fjármagni í ríkari mæli inn á brautir, sem efla fjölbreytni og styrk atvinnulífsins, og þá sérstaklega þær greinar, er stuðla að auknum útflutningi. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir viðskiptum Seðlabankans og innlánsstofnana gagnvart öðrum aðilum og innbyrðis.

Penningamagn í umferð, þ. e. a. s. seðlar, mynt og veltiinnlán, jókst um 10% á árinu 1968, en hafði dregið saman um 6,5% árið áður. Á sex ára tímabilinu 1961—1966 hafði penningamagn í umferð hins vegar vaxið um tæp 17% að meðaltali á ári. Aukning útlána bankakerfisins, þ. e. a. s. Seðlabanka, viðskiptabanka, sparissjóða og innlánsdeilda kaupfélaga, til einkaaðila (að meðtöldum bæjar- og sveitarfélögum), er nam röskum 1.163 milljónum króna árið 1968 samanborið við 869 milljónir króna árið 1967, var aðalorsakavaldur peningapenslunnar árið 1968, þar eð verulega hafði dregið úr útlánaaukningu til ríkisins og fjárfestingarlána-

stofnana það ár samanborið við árið 1967. Um nokkurn samdrátt var hins vegar að ræða í heildarútlánnum bankakerfisins til ríkisins, fjárfestingarlánastofnana og annarra aðila, þar eð árið 1968 námu heildarútlán bankakerfisins innan lands samtals 1.378 milljónum króna miðað við 1.479 milljónir króna árið áður. Mótvægi sem og orsök þess, að um peningþenslu var að ræða á árinu 1968 samanborið við samdrátt árið áður, er að leita í því, að erlendar eignir bankakerfisins, nettó (löng erlend lán meðtalin), minnkuðu aðeins um tæpan helming þess, er varð árið 1967, eða samtals um 531 milljón króna, en 1.082 milljónir króna árið 1967. Aukning sparifjár var hins vegar heldur minni árið 1968 en árið áður.

Verður nú nánar vikið að einstökum þáttum í þróun peningamála á árinu 1968 og þá fyrst vikið að inn- og útlánnum banka og sparisjóða að meðtöldum innlánsdeildum kaupfélaga.

Aukning sparifjár á árinu 1968 varð 7,3%, sem er heldur minni aukning en árið áður (8,7% árið 1967) og langt undir meðaltali árána 1961—66, er spariinnlán jukust að meðaltali á ári um 21,4%. Á fyrstu sjö mánuðum ársins 1968 jukust spariinnlán um 300 milljónir króna (3,6%), en drógust síðan saman um 368 milljónir króna (4,2%) á næstu fjórum mánuðum ársins. Var hér um svipaða þróun að ræða og árið áður. Að öðru jöfnu er þess að vænta undir eðlilegum kringumstæðum, að sparifé vaxi jafnt og þétt frá mánuði til mánaðar, þó misjafnlega ört. Má vafalaust rekja þá þróun sparifjár, er átti sér stað bæði árin 1967 og 1968, að miklu leyti til þeirra samdráttaráhrifa,



sem einkenndi bæði árin. Hins vegar virðist augljóst, að lækkun sparifjár á tímabilinu frá júlilokum til nóvemberloka 1968 og í nóvembermánuði 1967, megi að nokkru rekja til óvenjulegra vörukaupa í sambandi við gengisbreytinguna, sem átti sér stað í nóvember bæði árin. Meginmunur milli þessara tveggja ára virðist hafa legið í því, að spákaupmennska virðist hafa byrjað fyrr á árinu 1968. Í desembermánuði 1968 jukust spariinnlán um 679 milljónir króna (8,1%), en hér er eingöngu um að ræða vaxtartilfærslu fyrir allt árið, en vextir eru ávallt reiknaðir og lagðir við innstæður í lok hvers árs.

Veltiinnlán hjá innlánsstofnunum jukust um tæp 17% árið 1968, og er það fyrir ofan meðalvöxt árána 1961—66, sem var 15,3%, en árið 1967 höfðu veltiinnlán dregizt saman um 7%.

Heildarútlán viðskiptabanka, sparisjóða og innlánsdeilda kaupfélaga jukust um 1.112 millj. króna eða 10%, sem er heldur meira en árið áður, er útlánaaukningin nam 841 millj. króna eða

8,2%. Ef endurkaup Seðlabankans, sem eru talin með í heildarútlánnum, eru undanskilin, námu önnur útlán innlánsstofnana röskum 978 millj. króna, sem jafngildir 9,9% aukningu frá fyrra ári, en árið áður voru samsvarandi tölur 848 millj. króna og 9,5%. Heildarinnlánaaukning, þ. e. a. s. veltiinnlána- og spariinnlánaaukning samtals, hjá innlánsstofnunum stóð þannig árið 1968 undir 92,7% af útlánaaukningu þeirra, að frádregnum endurkaupum Seðlabankans, en árið 1967 stóð innlánaaukningin aðeins undir 63,8% af útlánaaukningunni. Mótvægi þessarar þróunar er að leita í versnandi stöðu innlánsstofnana hjá Seðlabankanum bæði árin 1967 og 1968 og gerð verður grein fyrir hér á eftir. Hins vegar rýrnaði lausafjárstaða innlánsstofnana árið 1968 allt að því jafnmikið og árið áður, þrátt fyrir mun hagstæðara hlutfall milli innlánaaukningar og útlánaaukningar, þar eð erlendar eignir nettó jukust um 22 millj. króna, sem jafngildir útstreymi fjár, en þær höfðu rýrn-

að um 82 millj. króna árið 1967. Sömuleiðis var um 63 millj. króna útstreymi að ræða árið 1968 á ýmsum ósundurliðuðum reikningum, en árið áður var um 66 millj. króna innstreymi á sömu reikningum. Á sex ára tímabilinu 1961—66 voru heildarinnlán að meðaltali nær því einum fjórða meiri heldur en meðalútlán innlánsstofnana, sem kom fram í bættri stöðu þeirra við Seðlabankann og bættri gjaldeyrisstöðu að árinu 1966 undanskildu.


Helztu reikningshreyfingar innlánsstofnana

(Í millj. kr. miðað við árslok)

	1961—'66	1967	1968
	(meðalt. 6 ára)		
<i>Útstreymi (+):</i>			
Erl. eignir, nettó .	÷ 68	÷ 82	22
Útlán	963	841	1.112
Bundnar innstæður í Seðlabanka ..	278	179	163
Ýmislegt, nettó ..	÷ 48	÷ 66	63
Samtals	1.125	872	1.360
<i>Innstreymi (+):</i>	1.125	872	1.360
Veltiinnlán	182	÷ 134	297
Sparifé	887	675	611
Endurkeypt afurðalán	96	÷ 7	134
Lausafjárstaða ..	÷ 40	338	318


Tölum um hreyfingu liðanna „erlendar eignir, nettó“, „útlán“ (lán með gengisáhættu) og „ýmislegt, nettó“ hefur verið breytt til þess að eyða bókhaldshreyfingum, er orsakast hafa eingöngu af breytingum á skráðu gengi krónunnar, sbr. breytingu í nóvember 1967 og 1968.

Upplýsingar liggja aðeins fyrir um skiptingu útlána hjá viðskiptabönkum og stærstu sparisjóðum. Samkvæmt þeim hafa af 1.209 millj. kr. (806 millj. kr. árið 1967) útlánaaukningu þeirra á árinu 1968 runnið 179 millj. kr. (208 millj. kr.) til iðnaðar, 446 millj. kr. (163



millj. kr.) til sjávarútvegs og fiskvinnslu, 325 millj. kr. (133 millj. kr.) til verzlunar og 4.3 millj. kr. (85 millj. kr.) til landbúnaðar.

Heildarstaða innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum rýrnaði um 297 millj. kr. á árinu 1968, en hafði rýrnað um 175 millj. kr. árið áður. Lausafjárstaða þeirra versnaði heldur meira eða um 318 millj. kr., en hafði rýrnað um 338 millj. kr. árið 1967, en í lausafjárstöðu innlánsstofnana er einnig tekið tillit til seðla- og mynteignar þeirra á hverjum tíma. Reikningsskuldur og lán gegn verðbréfum jukust um 351 millj. kr., sem var svipuð upphæð og árið áður. Hins vegar lækkuðu almennar innstæður innlánsstofnana um 25 millj. kr., en höfðu aukizt um einar 20 millj. kr. árið 1967. Endurkaup afurðalána hækkðu um 134 millj. kr., en höfðu minnkað um 7 millj. kr. árið 1967. Endurkaup vegna sjávarútvegsins hækkðu um 66 millj. kr. (höfðu minnkað um 51 millj. kr. árið 1967), vegna landbúnaðar um 59 millj. kr. (jukust um 21 millj. kr. 1967) og vegna iðnaðar 9 millj. kr. (jukust um 23 millj. kr. 1967). Bundnar innstæður innlánsstofnana hjá Seðlabankanum jukust um 163 millj. kr. eða heldur minna en árið áður, er stafaði af hægari vexti innlána, enda voru reglur um innlánsbindingu óbreyttar á árinu. Nægði innstæðubindingin hvergi nærri til þess að vega upp á móti lausaskuldasöfnun og endurkaupum við Seðlabankann. Versnaði því heildarstaða innlánsstofnana, eins og áður segir, um 297 millj. kr. Auk þess keypti Seðlabankinn á árinu 1968 verðbréf að upphæð 98 millj. kr. frá innlánsstofnunum, aðallega viðskipta-



bönkunum. Var hér sumpart um að ræða fyrirgreiðslu Seðlabankans gagnvart innlánsstofnunum til fullnægingar bindiskyldu, en að mestu leyti var um að ræða sérstaka fyrirgreiðslu Seðlabankans vegna gengisbreytinga árána 1967 og 1968.

Nokkuð fjárstreymi átti sér einnig stað úr Seðlabankanum til fjárfestingarlánastofnana eða 60 millj. kr., sem þó var töluvert minna en árið áður, er það nam 192 millj. kr. Stafaði það af hliðstæðum orsökum og fjárstreymið til bankakerfisins og endurspeglaði umframfjárbörf þeirra, sem stafaði að miklu leyti af erfiðleikum atvinnuveganna og minna innstreymi fjármagns (afborgana og vaxta) en gert hafði verið ráð fyrir.

Mjög dró úr útstreymi fjár frá Seðlabankanum vegna viðskipta ríkissjóðs og ríkisstofnana. Rýrnaði nettóstaða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum um 155 millj. kr., en hafði versnað um 418 millj. kr. árið 1967. Á fyrstu tíu mánuðum ársins versnaði nettóstaða ríkissjóðs og ríkisstofnana




Hreyfing á reikningum Seðlabankans
Í millj. kr.

	Árleg hreyfing	
	1967	1968
Erlendar eignir, nettó	÷ 1.000	÷ 553
Innlendir liðir:	951	535
Ríkissjóður og ríkisstofnanir, nettó	418	155
Fjárfestingarlánastofnanir, nettó	192	60
Innlánsstofnanir, nettó	175	297
a) Endurkeypt afurðalán	÷ 7	134
b) Reikningsskuldur og önnur lán	340	351
c) Almennar innstæður	20	÷ 25
d) Bundnar innstæður	÷ 178	÷ 163
Mótvirðisfé	88	42
Lán til bæjar- og sveitarfélaga og annarra aðila	28	51
Ýmislegt, nettó	50	÷ 70
Samtals	÷ 49	÷ 18
Seðlaveita og mynt	÷ 49	÷ 18

Tölum um hreyfingar liðanna „erlendar eignir, nettó“, „ríkissjóður og ríkisstofnanir“ (lán með gengisáhættu) og „ýmislegt, nettó“ hefur verið breytt til þess að eyða bókhaldshreyfingum, er eingöngu orsakast af breytingu á skráðu gengi krónunnar, sbr. breytingu í nóvember 1967 og 1968.

gagnvart Seðlabankanum um 711 millj. kr., en hafði rýrnað á sama tíma árið 1967 heldur meira, eða um 743 millj. kr. Að nokkru var hér um árstíðabundna sveiflu að ræða, þar eð að venju falla útgjöld ríkisins meira á þennan árstíma, en tekjur aftur á móti á síðustu mánuði ársins. Sem dæmi um það má nefna, að á árinu 1966 batnaði staða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum um 331 millj. kr., en þar af batnaði staðan um 288 millj. kr. á síðustu tveimur mánuðum ársins. Mánuðina nóvember—desember 1968 batnaði staðan um 556 millj. kr., og á sama tíma árið áður hafði staðan batnað um 325 millj. kr. Gengismunur vegna útflutningsafurða, sem getið hefur verið hér að framan, var lagður á sérstakan reikning ríkissjóðs hjá Seðlabankanum. Um áramótin nam innstæða ríkissjóðs á þessum reikningi samtals 261 millj. kr., en innkomið fé á þennan reikning á samkvæmt lögum að renna aftur til þeirra atvinnuvega, sem framleitt hafa þær útflutningsafurðir, sem gengishagnaður-



inn kemur frá. Er sjávarútvegurinn þar langstærstur. Sé þessi innstæða ríkissjóðs undanskilin, versnaði staða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum um 416 millj. kr. á árinu 1968. Svipuð þróun átti sér stað í kjölfar gengisbreytingarinnar í nóvember 1967, og var innstæða ríkissjóðs á sams konar reikningi samtals 103 millj. kr. í árslok 1967. Sé sú innstæða undanskilin, versnaði staða ríkissjóðs og ríkisstofnana alls um 521 millj. kr. árið 1967. Á hinn bóginn má rekja ástæðurnar fyrir hinni óhagstæðu afkomu ríkissjóðs, bæði á árinu 1967 og 1968, til minnkandi útflutningstekna og efnahagslegs samdráttar, sem af því hefur leitt. Annars vegar hefur þessi

hagþróun leitt af sér stöðnun eða lítinn vöxt í ríkistekjum, og hins vegar mikla útgjaldaaukningu, sem stafaði af þeim gagnverkandi ráðstöfunum, sem ríkið beitti sér fyrir til stuðnings við atvinnuvegina, einkum sjávarútveginn, og kaupgetu almennt. Á árinu 1968 varð 42 millj. kr. lækkun á mótvirðisfé, en árið áður nam sú lækkun 88 millj. kr.

Niðurstaðan af innlendum viðskiptum Seðlabankans er því sú, að heildarþjárestreymi út úr bankanum hefur numið 535 millj. kr. samanborið við 951 millj. kr. árið 1967. Við það bætist, að seðlaveltan lækkaði um 18 millj. kr. árið 1968, þannig að útstreymi gjaldeyris nam 553 millj. kr., en hafði verið 1.000 millj. kr. árið 1967.

4. Alþjóðleg efnahagssámvinnu

Seðlabankinn er ásamt öðrum íslenzkum stjórnvöldum aðili að ýmsum alþjóðastofnunum og efnahagssámvinnu við önnur lönd fyrir Íslands hönd. Er fyrst að telja, að Seðlabankinn hefur með höndum greiðsluviðskipti Íslands, bæði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) og Alþjóðabankann (IBRD), svo og systurstofnanir hins síðarnefnda, Alþjóðafjármálastofnunina (IFC) og Alþjóðapróunarstofnunina (IDA).

Á árinu 1968 var aðalfulltrúi Íslands í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins dr. Jóhannes Nordal, en varafulltrúi Jónas H. Haralz. Í stjórn Alþjóðabankans og systurstofnana hans var aðalfulltrúi dr. Gylfi P. Gíslason og varafulltr. Magnús

Jónsson. Sóttu þessir fulltrúar allir aðalfundi stofnananna, sem haldnir voru sameiginlega í Washington í september. Norðurlöndin hafa sameiginlega fulltrúa í framkvæmdastjórn þessara stofnana. Voru nýir fulltrúar kjörnir á aðalfundunum í september, en nýtt kjörtímabil hefst 1. nóvember. Fram til þess tíma var Torben Friis frá Danmörku aðalfulltrúi í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en varamaður hans Jorma Aranko frá Finnlandi. Í framkvæmdastjórn Alþjóðabankans var aðalfulltrúi Karl Skjerdal frá Norgei, en Vilhjálmur Þór var varamaður hans. Hinir nýju fulltrúar, er tóku við störfum 1. nóvember, voru þessir: Aðal-

fulltrúi í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins Eero Asp frá Finnlandi, en varamaður hans Sigurgeir Jónsson, hagfræðingur Seðlabankans, aðalfulltrúi í framkvæmdastjórn Alþjóðabankans Erik Karlson frá Svíþjóð og varamaður hans Erik Hauge frá Danmörku.

ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐUR-INN. Árið 1968 var enn mjög viðburðaríkt í starfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, enda sköpuðust þrífaldlega á árinu miklir erfiðleikar í alþjóðlegum gjaldreyris- og peningamálum. Átti Gjaldreyrissjóðurinn með starfsemi sinni drjúgan þátt í því að tryggja alþjóðlegt samstarf í því skyni að ráða fram úr vandanámálunum. Á árinu notuðu þátttökuríkinn meira fé frá sjóðnum en nokkru sinni fyrr, eða 3552 millj. dollara. Árið áður höfðu aðeins verið dregnar á sjóðinn 835 millj. dollara. Stafaði þessi mikla aukning af því, að tvö stórveldi, Bretland og Frakkland, drógu mjög stórar fjárhæðir á sjóðinn.

Haldið var áfram á árinu 1968 undirbúningi að breytingu á stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en meginefni hennar er að koma á sérstökum yfirdráttarréttindum (Special Drawing Rights), er stofna má til milli þátttökuríkja eftir ákveðnum reglum. Gengið var frá endanlegum tillögum um þessar breytingar og þær samþykktar af stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í maí. Síðan voru tillögurnar sendar aðildarríkjum til staðfestingar. Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var síðan lagt

fyrir Alþingi í október. Var það afgreitt á haustþingi og gefið út sem lög nr. 82 hinn 19. desember 1968. Umræddar breytingar á stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins koma þá fyrst til framkvæmda, að tilskilinn meirihluti þátttökuríkja hafi staðfest þær, en því marki hafði ekki verið náð í árslok 1968.

Hinn 22. nóv. 1968 samþykkti stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að veita Íslandi lán að upphæð 3,750 þús. dollara, og annaðist Seðlabankinn, sem er fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir ríkisins hönd, töku lánsins. Lán þetta var veitt samkvæmt reglum sjóðsins um aðstoð þeim þjóðum til handa, er verða fyrir áföllum vegna skyndilegra og ófyrirsjáanlegra lækkana útflutningstekna. Nefnast lán þessi jöfnunarlán (compensatory financing), og var lántaka Íslands miðuð við lækkun útflutningstekna á tólf mánaða tímabili, frá októberbyrjun 1967 til septemberloka 1968. Hafði Ísland fengið sams konar lán ári áður, og er hér um að ræða hámarkslán, sem heimilt er að veita Íslandi samkvæmt hinum sérstöku reglum sjóðsins um jöfnunarlán.

ALÞJÓÐABANKINN OG SYSTURSTOFNANIR HANS. Á fjárhagsári Alþjóðabankans, er lauk 30. júní 1968, námu útlán hans 847 millj. dollara, en 777 mill. dollara árið áður. Mikil áherzla er nú á það lögð að auka lántökur Alþjóðabankans á alþjóðapeningamörkuðum, og bar sú stefna góðan árangur árið 1968, og býst stjórn bankans við því að geta aukið útlán stórlega á næstu árum. Á árinu 1966 veitti Alþjóðabankinn Landsvirkjun lán til

virksunar Þjórsár við Búrfell að upphæð 18 millj. dollara. Í árslok 1968 var búið að nota 15,5 millj. dollara af þessu láni, en útistandandi skuld Íslands við bankann nam þá 18,6 millj. dollara.

Sá hluti stofnfjárframlags Íslands til bankans, sem greiða ber í gjaldeyri, nemur 1,5 millj. dollara. Af þessari fjárhæð hafði Ísland í lok ársins 1968 greitt í frjálsum gjaldeyri 1,3 millj. dollara, en lokagreiðsla fer fram í marz 1969.

EVROPUSJÓÐURINN. Starfsemi Evrópusjóðsins, en hann starfar á vegum Efnahags-og framfarastofnunarinnar (OECD) samkvæmt sérstökum samningi, svokölluðum greiðslusamningi Evrópu (European Monetary Agreement) var svipuð og áður.

Framlagsfé Íslands til Evrópusjóðsins nemur einni millj. dollara, en það tilheyrir þeim hluta framlagsfjárins, sem samkvæmt stofnsamningi hefur enn ekki verið kallaður til greiðslu. Knut Getz Wold frá Noregi er fulltrúi Norðurlanda í stjórn sjóðsins.

Í nóvember var samþykkt að veita Íslandi fimm millj. dollara lán úr Evrópusjóðnum til sex mánaða, og var það tekið vegna hinna miklu tímabundnu gjaldeyriserfiðleika, sem við var að etja haustið 1968.

NORRÆN SAMVINNA. Seðlabankar Norðurlanda hafa með sér náið samstarf, og halda þeir m. a. einu sinni á ári hverju fund, þar sem rætt er um sameiginleg vandamál. Á árinu 1968 var seðlabankafundurinn haldinn á Íslandi snemma í ágústmánuði. Var fundarstaður hið nýja hótél Höfn í Hornafirði.

Seðlabankinn hefur auk þess af Íslands hálfu tekið þátt í störfum Fjárhagsnefndar Norðurlanda, en hún fjallar um ýmis sameiginleg fjárhagsmál-efni, einkum samvinnu á sviði alþjóðafjármála. Nefndin hélt fjóra fundi á árinu, í Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

GJALDEYRISSAMNINGUR NORÐURLANDA. Seðlabankar Norðurlanda hafa með sér samning um gagnkvæm yfirdráttarréttindi, er endurskoðaður var árið 1967. Seðlabanki Íslands notaði sér yfirdráttarrétt sinn samkvæmt samningnum í september 1968, og dró hann þá 20 millj. sænskar krónur, er skiptast jafnt á seðlabanka hinna Norðurlandanna fjögurra. Lánið var endurgreitt í desember. Er þetta í fyrsta skipti, sem yfirdráttarréttindi samkvæmt samningi þessum hafa verið notuð.

5. Framkvæmdasjóður og fjárfestingarmál

STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS.

Eins og greint var frá í ársskýrslu sl. árs, tóku löggin um Framkvæmdasjóð gildi 1. janúar 1967. Stjórn sjóðsins skal kosin til fjögurra ára, en samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna er kjörtími fyrstu stjórnar Framkvæmdasjóðs tvö ár eða til ársloka 1968, og var hún því óbreytt frá árinu áður og skipuð þannig:

Jóhann Hafstein, dómsmálaráðherra,
formaður,
Dr. Gylfi Þ. Gíslason, viðskiptamálaráð-
herra, varaformaður,
Eysteinn Jónsson, alþingismaður,
Gunnlaugur Pétursson, borgarritari,
Jón G. Sólnes, bankastjóri,
Lúðvík Jósepsson, alþingismaður,
Tómas Árnason, hæstaréttarlögmaður.

REIKNINGAR FRAMKVÆMDA-

SJÓÐS. Eins og fram kemur af rekstrarreikningi, námu hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs á árinu 1968 33,4 millj. kr., en hreinar tekjur Mótvirðissjóðs 18,8 millj. kr. Samtals námu hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs 52,2 millj. kr.

Af hreinum tekjum Framkvæmdasjóðs á árinu, að viðbættum óráðstöfuðum tekjuafgangi frá fyrra ári og eignabreytingum ársins, voru 35,0 millj. kr. lagðar við höfuðstól og 1,0 millj. kr. í varasjóð. Samanlagt námu eiginfjárreikningar Framkvæmdasjóðs í árslok 414,4 millj. kr.

Hreinum tekjum Mótvirðissjóðs var bætt við höfuðstól sjóðsins, er nam í árslok 373,1 millj. kr. Eiginfjárreikn-

ingar Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs námu samkvæmt framansögðu í árslok 1968 787,5 millj. kr.

Gengisbreytingin í nóvember 1968 olli verulegri hækkun erlendra skulda Framkvæmdasjóðs, og nam sú hækkun 689 millj. kr., en erlendar skuldir sjóðsins í árslok námu 2.276 millj. kr., reiknaðar samkvæmt hinu nýja gengi. Heildarútlán Framkvæmdasjóðs, þar með talið fé Mótvirðissjóðs, námu í árslok 3052 millj. kr., og hafa þá einnig verið hækkuð vegna gengisbreytingarinnar þau lán, er veitt hafa verið af erlendu lánsfé.

LANTÖKUR FRAMKVÆMDA-

SJÓÐS. Á árinu 1968 tók Framkvæmdasjóður nokkur lán innan lands og erlendis, sem hér skal greint frá.

Hjá Seðlabankanum tók Framkvæmdasjóður lán að fjárhæð 30 millj. kr. Í áætlun ársins 1967 hafði raunar verið gert ráð fyrir slíkri lántöku, þótt ekki yrði af henni fyrr en snemma á árinu 1968. Lán þetta endurgreiðist á fjórum árum, og fór fyrsta endurgreiðsla lánsins fram í árslok 1968. Samið var á ný við viðskiptabankana um, að 10% af aukningu innlána bankanna gengju til Framkvæmdasjóðs til lánveitinga samkvæmt framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1968. Samkvæmt þessu samkomulagi tók Framkvæmdasjóður að láni hjá viðskiptabönkunum 44 millj. kr., en ógreiddar voru til Framkvæmdasjóðs í árslok sam-

kvæmt samkomulagi þessu um 30 millj. kr., er gengið mun frá snemma á árinu 1969.

Lán þessi endurgreiðist bönkunum á 15 árum.

Af láni því, er ríkissjóður tók í Bretlandi á árinu 1968, að fjárhæð 2 millj. sterlingspunda, var endurlánað til Framkvæmdasjóðs jafnvirði 113 millj. kr. Lán þetta endurgreiðist á árunum 1973—1992.

Á árinu tók Framkvæmdasjóður lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins að fjárhæð \$ 500.000 eða jafnvirði 28,5 millj. kr., og var fé þetta endurlánað til framkvæmda í samgöngumálum á Vestfjörðum. Lán þetta endurgreiðist á árunum 1972—1983.

Loks tók Framkvæmdasjóður lán hjá Dresdner Bank A. G., Hamborg, að fjárhæð DM 3.000.000, eða jafnvirði um 66 millj. kr. Fé þetta mun endurlánað til byggingar þeirra tveggja strandferðaskipa, er Skipaútgerð ríkisins á í smíðum hjá Slippstöðinni h.f. á Akureyri. Lán þetta endurgreiðist á 5 árum.

LÁNASTARFSEMI FRAMKVÆMDASJÓÐS OG FJÁRFESTINGARLÁNASJÓÐIR. Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1968 var með líku sniði og árið áður, og skiptist í fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða og fyrirtækja annars vegar, sem Framkvæmdasjóður annaðist um, og fjáröflun til opinberra framkvæmda hins vegar af fé því, er ríkissjóður tók að láni innan lands og erlendis í þessu skyni. Heildarfjáröflun áætlunarinnar 1968 var 575 millj. kr., og var það um 54 millj. kr.

hærri fjárhæð en árið áður. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir fjáröflun og ráðstöfun fjár samkvæmt áætluninni 1968.

Samkvæmt fjáröflunaráætluninni 1968 voru lán á vegum Framkvæmdasjóðs áætluð 245 millj. kr. Voru öll þau lán afgreidd að undanskildum 8 millj. kr., sem upphaflega var ætlunin að ráðstafa síðar á árinu, en sú lánveiting féll niður, en auk þess afgreiddi sjóðurinn um 35 millj. kr., sem voru óafgreidd lánsloforð frá fyrra ári, og urðu lánveitingar Framkvæmdasjóðs því alls 272 millj. kr. á árinu. Þar af voru lán til fjárfestingarlánasjóða 232,8 millj. kr. og lán til annarra aðilja 39,2 millj. kr.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs 1968 sundurliðast þannig:

	<i>Millj. kr.</i>
Byggingarsjóður ríkisins	20.0
Byggingarsjóður verkamanna	7.0
Ferðamálasjóður	4.0
Fiskveidasjóður Íslands	84.3
Iðnlánasjóður	28.5
Lánasjóður sveitarfélaga	15.0
Stofnlánadeild landbúnaðarins	62.0
Stofnlánasjóður verzlunarfyrirtækja	4.0
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands ...	8.0
Búnaðarbanki Íslands (iðnaður) ..	3.0
Sementsverksmiðja ríkisins	8.0
Vegagerð ríkisins	16.0
Flugmál	1.2
Hafnir	11.0
Samtals	272.0

Heildarlánveitingar Framkvæmdasjóðs og framangreindra fjárfestingarlánasjóða auk Hafnabótasjóðs og Orkusjóðs á árinu 1968 urðu 1.313,8 millj. kr., sem er 113,7 millj. kr. hærri fjárhæð en árið áður. Eru þá lán Framkvæmdasjóðs til fjárfestingarlánasjóða

ekki meðtalin, þar eð ella yrði um tvítalningu að ræða. Enn fremur er þess að geta, að tölur um lánveitingar þessar eru byggðar á útborguðum fjárhæðum veittra lána, en heildarútlán í árslok 1968, 9.378,1 millj. kr., eru hins vegar

byggð á tölum efnahagsreikninga og ná til allra útgefina lána.

Lánveitingar sjóðanna 1967 og 1968 og heildarútlán í árslok 1968 eru sýnd í eftirfarandi töflu (talið í millj. kr.):

	<i>Lán veitt 1967</i>	<i>Lán veitt 1968</i>	<i>Heildarútlán 31/12 '68</i>
Framkvæmdasjóður Íslands:			
Beinar lánveitingar	32.0	39.2	1.576.6
Lán til fjárfestingarlánasjóða	(138.0)	(232.8)	(1.475.9)
Byggingarsj. ríkisins og Veðd. L. Í.	519.1	533.6	2.317.4
Byggingarsjóður verkamanna	34.3	33.6	277.9
Ferðamálasjóður	12.5	5.6	53.1
Fiskveiðisjóður	241.5	372.5	2.357.2
Iðnlánasjóður	125.4	74.2	327.4
Lánasjóður sveitarfélaga	24.1	33.3	60.6
Stofnlánadeild landbúnaðarins	134.2	132.1	1.087.3
Stofnlánadeild verzlunarfyrtækja	11.5	12.1	22.0
Veðdeild Búnaðarbankans	12.5	7.6	125.4
Hafnabótasjóður	—	23.6	24.9
Orkusjóður	53.0	46.4	1.148.3
Samtals	1.200.1	1.313.8	9.378.1

FJÁRÖFLUN TIL OPINBERRA FRAMKVÆMDA. Fjáröflun til opinberra framkvæmda samkvæmt áætluninni 1968 nam 330 millj. kr. Var gengið að fullu frá 309 millj. kr. af þeirri fjár-

hæð á árinu, en 21 millj. kr. færðust fram á árið 1969. Taflan hér á eftir sýnir fjármögnun opinberra framkvæmda á framkvæmda- og fjáröflunaráætluninni 1968 (talið í millj. kr.):

	<i>Spari- skírteina- lán</i>	<i>Enskt fram- kvæmda- lán</i>	<i>PL-480 lán</i>	<i>Samtals</i>
Rafmagnsveitur ríkisins	—	—	20.3	20.3
Raforlumál (sérst. framkv.)	—	—	15.0	15.0
Gufuveita í Reykjahlíð	—	—	7.2	7.2
Jarðboranir á Reykjanesi	—	—	3.6	3.6
Landshafnir	30.0	10.0	—	40.0
Vegir	11.5	51.1	—	62.6
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	—	10.9	—	10.9
Flugmál	6.0	—	—	6.0
Skólar	25.1	—	—	25.1
Sjúkrahús	37.0	—	—	37.0
Lögreglustöð í Reykjavík	6.3	—	—	6.3
Búrfellsvirkjun	—	75.0	—	75.0
Samtals	115.9	147.0	46.1	309.0

Fjár til þessara opinberu framkvæmda var samkvæmt þessu aflað með þrennum hætti:

Í fyrsta lagi var um að ræða spariskírteinafé. Samkvæmt lögum frá Alþingi nr. 24 1968 heimilast fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innan lands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

Skírteini þessi voru gefin út í tveim flokkum. Fyrri flokkurinn var gefinn út í maímánuði og af honum var selt fyrir 44,5 millj. kr., en síðari flokkurinn var gefinn út í september og af honum selt til ársloka fyrir 40,3 millj. kr.

Alls voru því seld spariskírteini fyrir 84,8 millj. kr., þ. e. 75 millj. kr. auk 9,8 millj. kr., sem var nafnvirði þeirra spariskírteina, er ríkissjóður innlesti á árinu.

Til viðbótar fé þessu varð handbært á árinu fé vegna endurgreiðslna til ríkissjóðs af spariskírteinalánum fyrri ára. Var lánað þar af um 41 millj. kr., þannig að lánað var alls af spariskírteinafé um 116 millj. kr.

Spariskírteini þau, er gefin voru út á árinu, voru með sömu kjörum og árið áður, þ. e. meðalvextir voru 6% og láns tíminn 12 ár. Enn fremur voru greiðslur afborgana og vaxta bundnar byggingarvísitölu Hagstofu Íslands.

Seðlabankinn annaðist allan undirbúning og framkvæmd lántökunnar með sama hætti og undanfarin ár.

Andvirði spariskírteinnanna var endurlánað til 12 ára með 6¼% ársvöxtum. Árið 1968 var fimmta árið í röð, sem ríkissjóður aflar fjár til opinberra framkvæmda með sölu spariskírteina. Nemur heildarfjárhæð seldra spari-

skírteina þessi fimm ár 450 millj. kr. Á árinu 1968 voru innlest spariskírteini að fjárhæð 9,8 millj. kr., eins og að framan greinir, en ný skírteini gefin út fyrir þeirri fjárhæð, þannig að úti-standandi í árslok voru spariskírteini að nafnverði 450 millj. kr.

Í öðru lagi var fjár til opinberra framkvæmda aflað af svo nefndu PL-480 fé, sem er andvirði landbúnaðar-afurða, sem keyptar eru í Bandaríkjunum samkvæmt sérstökum samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Bandaríkjastjórnar.

Var gerður nýr samningur á árinu um vörukaup að fjárhæð \$2.065 þús. Óvíst er, hversu mikið notast af samningnum, en notkunin fer að verulegu leyti fram á árinu 1969. Samkvæmt samningnum eru 70% vörukaupanna lánuð í dollurum til 17 ára með 5½% ársvöxtum.

Í maímánuði tók ríkissjóður skuldbréfalán í Bretlandi, að fjárhæð 2 millj. sterlingspunda, til framkvæmda innan lands. Nettó andvirði lánsins var um 260 millj. kr., og var því skipt þannig, að Framkvæmdasjóður fékk til umráða 113 millj. kr., en 147 millj. kr. varði ríkissjóður til opinberra framkvæmda, eins og að framan greinir. Hið erlenda lán endurgreiðist á árunum 1973—1992 með 8½% ársvöxtum.

ORKUSJÓÐUR. Hinn 1. júlí 1967 gengu í gildi ný orkulög, er samþykkt höfðu verið á Alþingi fyrr á því ári. Lög þessi komu m. a. í stað raforkulaga frá 1946, laga um eignar- og afnotarétt jarðhita frá 1940, laga um hitaveitur utan Reykjavíkur og laga um

jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins frá 1961, með áorðnum breytingum.

Í X. kafla laga þessara er fjallað um Orkusjóð, sem er eign ríkisins, sem ber ábyrgð á skuldbindingum hans. Orkusjóður tekur við öllum eignum og skuldbindingum Raforkusjóðs og Jarðhitasjóðs, eins og þær eru við gildistöku laganna. Samkvæmt ákvæðum laganna skal Orkusjóður vera í vörzlu Seðlabanka Íslands, sem hefur á hendi daglegan rekstur hans og bókhald, ársuppgjör og skýrslugerð.

Á árinu 1968 tók Orkusjóður lán að fjárhæð 60,2 millj. kr., en útlán sjóðsins á árinu námu alls 46,4 millj. kr., en þar af voru lán til Rafmagnsveitna ríkisins 20,3 millj. kr., til bænda vegna vatnsaflsstöðva og mótorrafstöðva 4,8 millj. kr. og til jarðvarmaleitar og virkjunar 21,3 millj. kr.

Heildarútlán Orkusjóðs í árslok 1968 námu 1148,3 millj. kr.

HAFNABÓTASJÓÐUR. Á Alþingi 1967 voru samþykkt ný lög um hafnir. Eru þetta lög nr. 49 29. apríl 1967, og tóku þau gildi 1. janúar 1968. Fimmti kafli laganna fjallar um Hafnabótasjóð. Sjóðurinn er í eigu ríkisins og lýtur stjórn þess ráðherra, er fer með hafnamál. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda gegn ríkisábyrgð, og enn fremur er honum heimilt að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum, sem skemmzt hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, án mótframlags hafnarsjóðs. Einnig er sjóðnum heimilt að styrkja hafnarsjóði, sem eiga við sérstaka fjárhagsörðugleika að stríða vegna erfiðrar aðstöðu og dýrrar

mannvirkjagerðar. Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag ríkissjóðs, ekki minna en 8 millj. kr., auk tekna af starfsemi sjóðsins. Sjóðnum er enn fremur heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða utan allt að 350 millj. kr.

Þá segir í lögnum, að Seðlabanki Íslands annist vörzlu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs og veiti sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

Á árinu 1968 veitti Hafnabótasjóður lán að fjárhæð 23,6 millj. kr., en heildarútlán í árslok námu 24,9 millj. kr. Sjóðurinn tók að láni hjá Atvinnuleysistryggingarsjóði 20,8 millj. kr. á árinu 1968 til hafnarframkvæmda. Eigið fé sjóðsins í árslok nam 5,8 millj. kr.

RÍKISÁBYRGÐASJÓÐUR. Starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs var með sama sniði og verið hefur undanfarin ár. Er þar einkum um að ræða athuganir og undirbúning við veitingu ríkisábyrgða, innlausn krafna, sem á ríkissjóð falla sem ábyrgðaaðila, og innheimta, svo og lánaumsjá fyrir ríkissjóð.

Ábyrgðaveitingar árið 1968 voru minni en verið hefur mörg undanfarin ár. Alls voru veittar 723 nýjar ábyrgðir eða um 150 færri en árið áður. Fjárhæð hinna nýju ábyrgða var 260 millj. kr., en var 618 millj. kr. árið áður. Rúmlega helmingur af fjárhæð nýrra ábyrgða 1968 var vegna byggingarsamvinnufélaga eða 139 millj. kr. Nýjar ábyrgðir árin 1967 og 1968 skiptast, eins og fram kemur í yfirliti á næstu síðu.

Eins og að ofan getur, lækkaði fjárhæð nýrra ábyrgða, sem veittar voru 1968, mjög mikið frá því, sem var árið

	1967	1968
Hafnargerðir og dráttarbrautir	39 millj. kr.	23 áb. 41 millj. kr.
Vatnsveitur	11 " "	12 " 6 " "
Fiskiðnaður og síldarverksmiðjur	51 " "	32 " 41 " "
Iðnaður	31 " "	8 " 28 " "
Raforkumál	101 " "	— —
Samgöngur	238 " "	— —
Byggingarsamv.fél.	136 " "	645 " 139 " "
Annað	11 " "	3 " 5 " "
Samtals	618 millj. kr.	723 áb. 260 millj. kr.

áður, eða úr 618 millj. kr. í 260 millj. kr. Rúmlega helmingur ábyrgða, sem veittar voru árið 1967 var vegna lána Landsvirkjunar til kaupa á gastúrbínunum og láns Flugfélags Íslands h.f. til kaupa á millilandaflugvél. Að slepptum þessum ábyrgðum, er fjárhæð nýrra ábyrgða svipuð árin 1968 og 1967. Ábyrgðir vegna opinberra framkvæmda, þ. e. hafnargerða og vatnsveitna, eru svipaðar bæði árin eða samtals 47 millj. kr. 1968 og 50 millj. kr. 1967. Ábyrgðir vegna fiskiðnaðar hafa lækkað nokkuð eða úr 51 millj. kr. 1967 í 41 millj. kr. 1968. Það stafar að sjálfsgöðu af því, að nýframkvæmdir við vinnslustöðvar fiskiðnaðarins drógust mjög mikið saman, einkum framkvæmdir við síldarverksmiðjur, sem verið hafa miklar undanfarin ár. Ábyrgðir vegna iðnaðar eru vegna lána til skipasmíðastöðva.

Hinn 1. janúar 1968 tóku gildi ný hafnalög, eins og áður getur. Í þeim eru ákvæði, sem heimila ríkissjóði að ábyrgjast lán, sem tekin eru til hafnarframkvæmda, jafnhá kostnaðarhluta hafnarsjóða af framkvæmdunum. Samkvæmt þessum lögum er ábyrgð ríkissjóðs aðeins einföld ábyrgð, en svo var lítið á, að samkvæmt eldri lögum skyldi

ábyrgð ríkissjóðs á hafnarlánunum vera sjálfskuldarábyrgð. Enn er ekki séð, hvaða áhrif þetta kann að hafa á greiðslubyrði Ríkisábyrgðasjóðs, en með gildistöku hinna nýju laga er úr gildi fallin síðasta almenna heimildin fyrir sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs.

Mjög mikil aukning varð á greiðslum sjóðsins, frá því sem var árið áður. Nettó greiðslur jukust um 31 millj. kr. frá árinu áður, og er það þriðja árið í röð, sem um verulega aukningu greiðslna er að ræða. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslur Ríkisábyrgðasjóðs árin 1966—1968 í millj. kr.:

	1966	1967	1968
Innleystar kröfur	104	173	274
Endurgr. skuldara	73	65	131
Nettógreiðslur	31	108	139

Eins og yfirlitið sýnir, hafa nettógreiðslur aukizt um 108 millj. kr. frá árinu 1966, en um 31 millj. kr. frá síðasta ári. Upphæð innleystra krafna jókst um 97 millj. kr. á árinu 1968, en endurgreiðslur jukust hins vegar um 66 millj. kr. eða tvöfölduðust. Erfiðleikar fiskiðnaðarins hafa valdið miklum vanskilum hans við Ríkisábyrgðasjóð, en jafnframt hefur orðið veruleg aukning vanskila á lánunum vegna samgangna.

6. Reikningshreyfingar Seðlabankans

Á árinu 1968 hækkaði niðurstöðutala efnahagsreiknings Seðlabankans um 1.932,5 millj. kr., en meginhluti þeirrar hækunar, eða 1.106,7 millj. kr., á rætur að rekja til gengisbreytingarinnar í nóvember sl.

Að öðru leyti var einkum um að ræða aukningu skulda ríkissjóðs og innlánsstofnana, svo og lántökur hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópusjóðnum.

kr. við gengisbreytinguna, og hefur staða þeirra að öðru leyti því rýrnað um 188,4 millj. kr. Eftir gengisbreytinguna voru tekin lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að upphæð 330,0 millj. kr. og hjá Evrópusjóðnum að upphæð 440,0 millj. kr. Aðrar skuldir á gjaldeyriseikningum voru gengisuppfærðar um 448,0 millj. kr., og hafa þær þannig að öðru leyti lækkað um 402,3 millj. kr. frá árslokum 1967.

Gjaldeyriseikningar

Í millj. kr.

	Árslok 1968	Hreyfingar árið 1968
Eignir:		
Gulleign	89,3	+ 31,4
Erlendir bankar	525,0	+ 112,8
Erl. verðbr. og víxlar	1.568,7	+ 239,8
Vöruskiptareikningar	51,8	÷ 11,3
Eignir alls	2.234,8	+ 372,7
Skuldir:		
Alþjóðastofnanir ..	778,1	+ 777,3
Erlendir bankar	125,2	÷ 127,6
Vöruskiptareikningar	203,6	+ 110,6
Erl. lán til langs tíma	212,3	+ 62,7
Skuldir alls	1.319,2	+ 823,0
Nettóeign:	915,6	÷ 450,3

Á töflunni hér að ofan er sýnd staða á gjaldeyriseikningum bankans, en hafa þer í huga áhrif gengisbreytingarinnar við allan samanburð þessara talna við fyrra ár.

Þannig nam gengisuppfærsla þeirra eigna, sem taflan greinir, 561,1 millj.

Staða innlánsstofnana

Í millj. kr.

	Árslok 1968	Hreyfingar árið 1968
Skuldir:		
Viðsk.reikn. og tékkar	235,5	÷ 22,2
Önnur stutt lán	465,2	+ 292,2
Verðbréf	80,9	+ 80,9
Endurkeyptir víxlar .	1.438,1	+ 134,1
Skuldir alls	2.219,7	+ 485,0
Innstæður:		
Viðskipta- og uppsagnareikn.	175,2	+ 25,5
Bundnar innstæður ..	2.073,2	+ 162,6
Innstæður alls	2.248,4	+ 188,1
Nettóinnstæður:	28,7	÷ 296,9

Samkvæmt töflunni hér að ofan hafa skuldir innlánsstofnana við Seðlabankann hækkað um 485,0 millj. kr. á árinu, og áttu lán til skamms tíma þar drýgstan þátt í. Hins vegar hækkuðu innstæður um 188,1 millj. kr., aðallega vegna aukinna innstæðna á bundnum reikningum.

Staða fjárfestingarlánastofnana

		Í millj. kr.	
		Árslök 1968	Hreyfingar árið 1968
Skuldir:			
Viðskiptareikn.	152,1	÷	3,7
Önnur stutt lán	1,0	÷	5,7
Verðbréf (o.fl.)	528,4	+	72,2
Skuldir alls	681,5	+	62,8
Innst. á viðskiptareikn.:	89,5	+	2,6
Nettóskuldir:	592,0	+	60,2

Á töflunni hér að ofan eru sýndar breytingar á stöðu fjárfestingarlánastofnana við Seðlabankann á árinu 1968. Er þar einkum um að ræða aukin verðbréfa kaup bankans á árinu að upphæð 72,2 millj. kr., en staða annarra reikninga þessara stofnana við bankann batnaði alls um 12 millj. kr.

Staða ríkissjóðs og ríkisstofnana

		Í millj. kr.	
		Árslök 1968	Hreyfingar árið 1968
Skuldir:			
Aðalviðskiptareikn.	540,4	+	336,8
Ýmsir ríkisreikningar	253,5	+	103,2
Verðbr. ríkissj. og stofn.	288,9	+	64,8
Skuldir alls	1.082,8	+	504,8
Innstæður:			
Ýmsir ríkisreikningar	309,4	+	92,2
Ríkisstofnanir (nettó)	508,9	+	171,2
Innstæður alls	818,3	+	263,4
Nettóskuldir:	264,5	+	241,4

Samkvæmt töflunni að ofan hækkuðu nettóskuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana um 241,4 millj. kr. á árinu 1968, en af þeirri upphæð eiga 86,6 millj. kr. rætur að rekja til gengisbreytingarinnar.

Staða aðalviðskiptareiknings var miklum mun lakari en árið áður, reyndar mestan hluta ársins verulega lakari en ofangreindar tölur gefa til kynna. Nettó innstæðuaukning ríkisstofnana og ýmissa ríkisreikninga vóg að hálfu á móti aukningu skulda á árinu 1968.

Ráðstöfun umráðafjár Seðlabankans

		Í millj. kr.	
		1967	1968
Umráðafé:			
Seðlar í umferð	1.035,0	1.031,8	
Innst. innlánsstofn. ...	2.060,3	2.248,4	
Innstæður fjárfestingarlánastofnana	86,9	89,5	
Innstæður ríkissj. og ríkisstofnana	554,9	818,3	
Mótvirðisfé	103,1	61,3	
Gengisbreytingarreikn.	221,2	418,8	
Stofnfé og ýmsir sjóðir	335,3	382,2	
	(4.396,7)	(5.050,3)	
Ráðstöfun:			
Gjaldeyrisreikn. (nettó)	1.365,9	915,6	
Skuldir innlánsstofnana	1.734,7	2.219,7	
Skuldir fjárfestingarlánastofnana	618,7	681,5	
Skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana	578,0	1.082,8	
Ýmislegt (nettó)	99,4	150,7	
	(4.396,7)	(5.050,3)	

Yfirlitið hér að ofan sýnir umráðafé Seðlabankans og ráðstöfun þess í árslok 1967 og 1968. Innstæður innlánsstofnana mynda drýgstan hluta umráðafjárins, en hlutfallslegar breytingar voru litlar á síðasta ári. Hins vegar hafði í árslokin aukizt ráðstöfun til innlánsstofnana og ríkissjóðs, en hlutdeild gjaldeyrisvarasjóðsins minnkað verulega.

Um hækkun gengisbreytingareiknings ber þess að geta, að óuppgert gengistap

viðskiptabankanna nam nálægt 207 millj. kr. í árslokinn 1968.

Rekstrarhagnaður Seðlabankans samkvæmt rekstrarreikningi fyrir árið 1968 varð 25,4 millj. kr. Vextir af eigin sjóð-

um að upphæð 16,3 millj. kr. voru færðir til gjalda, svo og arður af stofnfé 9,0 millj. kr., en heildarhækkun á eigin sjóðum bankans nam 46,9 millj. kr.

7. Stjórn bankans o. fl.

Engin breyting varð á skipun bankastjórnarinnar á árinu 1968.

Kjörtímabil bankaráðsins, sem er fjögur ár í senn, rann út í árslok 1968. Við kjör nýs bankaráðs á Alþingi í desembermánuði sl., voru Ingi R. Helgason, hrl. og Ólafur Björnsson, prófessor ekki endurkjörnir, en í sæti þeirra voru kosnir Ragnar Ólafsson, hrl. og Sverrir Júlíusson, alpm.

Ingi R. Helgason tók sæti í bankastjórn Landsbanka Íslands, seðlabankans, árið 1957, og var í henni fram í apríl 1961. Hann átti síðan sæti í bankaráði Seðlabanka Íslands frá apríl 1961 til síðustu áramóta, eins og áður segir.

Prófessor Ólafur Björnsson varð bankaráðsmaður í apríl 1961 og gegndi því starfi, eins og áður segir, til sl. áramóta og varð þá formaður í bankaráði Útvegsbanka Íslands. Varabankaráðsmennirnir Þorvarður Jón Júlíusson, frkvstj., og Jón Skaftason, alpm., sátu nokkra fundi bankaráðsins á árinu.

Hér fer á eftir skrá um bankastjórn, bankaráð og helztu starfsmenn bankans í árslok 1968:

Bankastjórn:

Dr. Jóhannes Nordal, formaður
Sigtryggur Klemenzson
Davíð Ólafsson.

Bankaráð:

Birgir Kjarran, hagfræðingur, formaður
Emil Jónsson, ráðherra, varaformaður
Ingi R. Helgason, hæstaréttarlögmaður
Ólafur Björnsson, prófessor
Sigurjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri.

Embættismenn:

Aðstoðarbankastjóri, Björn Tryggvason
Framkvæmdastjóri Framkvæmda- og Ríkisábyrgðasjóðs, Guðmundur B. Ólafsson
Hagfræðingur, Sigurgeir Jónsson
Aðalféhirðir, Þorvarður Þorvarðsson
Skrifstofustjóri, Sigurður Örn Einarsson
Aðalbókari, Jóhann T. Ingjaldsson
Forstöðumaður gjaldeyriseftirlits, Sigurður Jóhannesson
Forstöðumaður greiðslujafnaðardeildar, Ólafur Tómasson
Skrifstofustjóri Framkvæmda- og Ríkisábyrgðasjóðs, Benedikt Antonsson
Aðalbókari Framkvæmda- og Ríkisábyrgðasjóðs, Harald S. Andrésson
Lögfræðingur við Framkvæmda- og Ríkisábyrgðasjóð, Björn Ólafsson
Aðalendurskoðandi, Gunnlaugur Arnórsson
Deildarstjóri endurkaupadeildar, Stefán B. Stefánsson.

Deildarstjórnar og fulltrúar:

Aðalfjárhirzla, Stefán G. Þórarinnsson
Afgreiðsla, Sighvatur Jónsson
Ávísanaskipti, Jón H. Friðsteinsson
— lögfræðingur, Sveinbjörn Hafliðason
Endurskoðunardeild, Pétur Urbancic
Gjaldeyriseftirlit, Þór Halldórsson
Hagfræðideild, Grétar Áss Sigurðsson
Seðlagreining, Torfi Ólafsson.

Útgáfustarfsemi og bókasafn:


Ritstj. Fjármálat., Valdimar Kristinsson
Bóka- og skjalav., Haraldur Hannesson.

MYNT- OG SEÐLAMÁL. Í framhaldi samnings fjármálaráðherra og Seðlabankans frá 1966 um yfirtöku myntar var tekið saman á vegum bankans frumvarp til laga um gjaldmiðil Íslands, sem varð að lögum í aprílmánuði 1968. Er hér um heildarlöggjöf að ræða um mynt- og seðla, en fyrri lagaákvæði jafnframt felld niður. Auk almennra ákvæða eru í lögunum tvö nýmæli, sem ástæða er til að geta sérstaklega. Annars vegar heimild til að ákveða með reglugerð, að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind með heilum tug aura og hins vegar heimild til að ákveða innköllun einstakra gerða seðla og sleginna peninga. Fyrirnefnda heimildin kom til framkvæmda um áramótin 1968/69. Síðarnefnda heimildin hefur ekki verið notuð, en álíta mátti, eins og löggjöfin var áður að lagaheimild þyrfti til að innkalla einstakar stærðir.

Hinn 6. maí 1968 tók Seðlabankinn við myntsláttu og myntdreifingu. Var þá komin aðstaða fyrir bankann til geymslu myntar og til að veita alla þjónustu í hinni nýju afgreiðslu bankans í Hafnarstræti 10, sem var tekin í notkun skömmu áður.

Samtímis myntyfirtökunni gaf bankinn út nýjan 10 króna pening og 500 krónu seðil. Bankastjórnin birti þá greinargerð, dags. 4. maí, um stefnuna í mynt- og seðlamálum, og er þar gert ráð fyrir útgáfu 50 aura, 5 og 50 króna peninga auk 5000 króna seðils, en jafnframt ráðgerð innköllun koparmyntar, 25 aura og 2 krónu peninga og 5, 10 og 25 krónu seðla.

Í minningu 50 ára fullveldis landsins gaf bankinn út hinn 1. desember 50



króna pening. Hefur hann fullt myntgildi, en var seldur jafnframt sem minningarpeningur í sérstökum öskjum. Upplagið var 100.000 og seldist á skömmum tíma.

HÚSNÆÐIS- OG BYGGINGARMÁL BANKANS. Bankinn rýmdi Ingólfshvöl (Hafnarstræti 14) á árinu og flutti verulegan hluta af starfsemi sinni í Edinborgarhúsið við Hafnarstræti og tvær efstu hæðir Hafnarstrætis 8 með samgangi við Edinborgarhúsið. Ný afgreiðsla var tekin í notkun hinn 30. marz í vesturenda götuhæðar Edinborgarhússins. Var gjaldkerum fjölgað í tve með tilliti til myntafgreiðslu.

Framkvæmda- og Ríkisábyrgðasjóður, sem höfðu verið til húsa að Hverfisgötu 6, fluttu í Edinborgarhúsið hinn 1. október.

Hefur bankinn nú til umráða rúmlega tvær hæðir í Edinborgarhúsinu, en það er í eigu Landsbankans. Bankinn hefur auk þess á leigu áðurnefndar tvær hæðir í Hafnarstræti 8.

Á árinu fór fram hugmyndasamkeppni arkitekta um framtíðarbyggingu bankans að Fríkirkjuvegi 11—13. Í samkeppninni tóku þátt 10 arkitektar, og unnu þeir saman að verkefninu tveir og tveir. Samkeppninni lauk um miðjan nóvember, og í byrjun desember voru birtar niðurstöður dómnefndar, sem úrskurðaði að tillaga arkitektanna Skarphéðins Jóhannssonar og Guðmundar Kr. Guðmundssonar væri bezt, og skyldi þeim falið að vinna að áframhaldandi úrlausn verkefnisins. Enn hefur ekki verið ákveðið, hvenær hafizt verður handa um byggingu á lóðunum.

STARFSMANNNAHALD SEÐLA-BANKANS. Starfsmenn bankans voru í árslok 1968 samtals 89. Er þá talið allt skrifstofufólk og þjónustufólk við áramótin, að undanteknum starfsstúlkum við mótuneyti og ræstingu, en þau störf

eru að mestu unnin sameiginlega með Landsbankanum í nánú sambýli bankanna.

Í árslok 1960 voru starfsmenn bankans 60, og hefur þeim því fjölgað um 29 á þessu tímabili. Á sama tíma hafa bankanum verið falin ný og veigamikil verkefni og hefur fjölgun starfsmanna, sem beinlínis stafar af því, orðið 23 starfsmenn, sem skiptast þannig, að við yfirtöku Framkvæmda- og Ríkisábyrgðasjóðs komu 13 starfsmenn, við bankaeftirlit 2 starfsmenn, við sérstaka tékkainnheimtu 3 starfsmenn, við hagfræðideild 3 starfsmenn og við yfirtöku myntar 2 starfsmenn. Aukin starfsemi bankans að öðru leyti hefur þá leitt til ráðningar 6 nýrra starfsmanna á tímabilinu 1961 til 1968, sem er óveruleg fjölgun, þegar höfð eru í huga aukin verkefni bankans, einnig á öðrum sviðum.

REIKNINGAR
1968

Seðlabanki Íslands

EIGNIR	Krónur	aur.
GULLFORÐI	89 341 740	80
ERLENDAR EIGNIR:		
a) Erlendir bankar o. fl. kr. 525.031.904,00		
b) Erlend verðbréf og ríkisvixlar — 1.496.467.974,41		
c) Erlendir vixlar — 72.239.346,65		
d) Vöruskiptareikningar — 51.778.331,00	2 145 517 556	06
KVÓTI ÍSLANDS HJÁ ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐNUM:		
a) Gullframlag kr. 330.000.000,00		
b) Krónuframlag — 990.000.000,00	1 320 000 000	00
INNLAÑSSTOFNANIR:		
a) Óinnleystir tékkar kr. 890.485,53		
b) Reikningsskuldur — 234.653.922,51		
c) Önnur stutt lán — 465.200.000,00		
d) Verðbréf — 80.900.000,00		
e) Endurkeyptir vixlar — 1.438.098.000,00	2 219 742 408	04
FJÁRFESTINGARLÁNASTOFNANIR:		
a) Reikningsskuldur kr. 152.085.743,58		
b) Önnur stutt lán — 1.000.000,00		
c) Verðbréf — 528.424.272,50	681 510 016	08
RÍKISSJÓÐUR OG RÍKISSTOFNANIR:		
a) Aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs kr. 540.397.201,27		
b) Aðrir ríkisreikningar — 253.459.148,20		
c) Ríkisstofnanir — 1.184.966,16		
d) Verðbréf — 76.641.483,65		
e) Endurlánað erlent lánsfé — 212.312.091,80	1 083 994 891	08
AÐRIR AÐILAR:		
a) Ýmsir reikningar kr. 14.917.901,69		
b) Verðbréf bæjar- og sveitarfélaga — 49.241.996,63		
c) Önnur verðbréf — 107.390.993,25	171 550 891	57
BANKABYGGINGAR	2 000 000	00
ÝMSIR SKULDUNAUTAR	10 189 388	16
ÓGREIDDIR VEXTIR	7 332 762	00
PENINGAR Í SJÓÐI	1 270 378	49
KR.	7 732 450 032	28

Efnahagur 31. desember 1968

SKULDIR	Krónur	aur.
SEÐLAR OG MYNT	1 031 797 895	00
INNLÁNSSTOFNANIR:		
a) Almennar innstæður kr. 171.566.165,82		
b) Innstæður á uppsagnarreikningum — 3.621.122,03		
c) Bundnar innstæður — 2.073.173.531,21	2 248 360 819	06
FJÁRFESTINGARLÁNASTOFNANIR	89 492 834	70
RÍKISSJÓÐUR OG RÍKISSTOFNANIR:		
a) Ríkisreikningar kr. 309.399.184,28		
b) Ríkisstofnanir, almennar innstæður — 416.879.838,67		
c) Ríkisstofnanir, uppsagnarreikningar — 93.257.000,00	819 536 022	95
MÓTVIRÐISFÉ	61 330 422	53
AÐRIR AÐILAR	17 894 409	50
INNSTÆÐUR ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓDS	1 651 075 660	70
INNSTÆÐUR ALÞJÓÐABANKA	7 057 102	76
YFIRDRÁTTARLÁN FRÁ EVRÓPUSJÓÐNUM	440 000 000	00
ERLENDAR SKULDIR:		
a) Erlendir bankar o. fl. kr. 125.161.521,34		
b) Vöruskiptareikningar — 203.587.692,41		
c) Erlend lán til langs tíma — 212.312.091,80	541 061 305	55
ÝMSIR SKULDHEIMTUMENN	11 635 264	21
FYRIRFRAM GREIDDIR VEXTIR	12 163 304	00
GENGISBREYTINGAREIKNINGUR kr. 211.550.391,66		
Skuld vegna gengistaps gjaldeyrisbanka — 207.253.424,14	418 803 815	80
ARÐSJÓÐUR	32 314 838	00
STOFNFÉ	100 000 000	00
VARASJÓÐUR	170 000 000	00
ÝMSIR EIGINFJÁRREIKNINGAR	76 835 828	86
ÓRÁÐSTAFADUR TEKJUAFGANGUR:		
a) Frá árinu 1967 kr. 1.283.844,95		
b) Samkvæmt rekstrarreikningi 1968 — 25.446.663,71		
	kr. 26.730.508,66	
FRÁ DREGST:		
a) Lagt í varasjóð kr. 13.400.000,00		
b) Lagt í húsbýggingarsjóð ... — 6.880.000,00		
c) Lagt í arðjöfnunarsjóð — 3.360.000,00	kr. 23.640.000,00	66
	3 090 508	
	KR.	7 732 450 032 28

Reykjavík, 12. febrúar 1969.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Jóhannes Nordal

Sigtryggur Klemenzson

Davið Ólafsson

Jóhann T. Ingjaldsson

Seðlabanki Íslands

GJÖLD	Krónur	aur.
VEXTIR AF INNSTÆÐUM kr. 216.310.061,00		
VEXTIR AF VARASJÓÐI — 11.600.000,00		
VEXTIR AF ÖÐRUM EIGIN SJÓÐUM — 4.720.000,00	232 630 061	00
<hr/>		
VEXTIR AF SKULDUM ERLENDIS	27 908 563	94
KOSTNAÐUR VIÐ SEÐLA OG MYNT kr. 4.591.209,54		
YFIRTEKIN MYNT — 17.864.466,50	22 455 676	04
<hr/>		
REKSTRARKOSTNAÐUR	35 370 248	37
ÞÁTTTAKA Í KOSTNAÐI EFNAHAGSSTOFNUNAR	2 484 000	00
TIL GENGISREIKNINGS	2 336 307	54
TIL RÍKISSJÓÐS SKV. L. NR. 4/1960	3 876 302	69
ARÐUR AF STOFNFÉ SKV. L. NR. 10/1961	9 000 000	00
REKSTRARHAGNAÐUR TIL RÁÐSTÖFUNAR	25 446 663	71
<hr/>		
KR.	361 507 823	29

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

Egill Símonarson,
endurskoðandi,
kjörinn af bankaráði.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi.

Efnahagsreikningur Framkvæmda

EIGNIR	Krónur	aur.
SKULDABRÉF FYRIR LÁNUM	3 052 545 788	99
BANKAINNSTÆÐUR:		
Innstæður í Seðlabanka:		
Á viðskiptareikningi kr. 7.635.578,08		
Á öðrum reikningum — 755.275,25 kr. 8.390.853,33		
Innstæður í öðrum innl. bönkum — 613.621,00	9 004 474	33
AÐRAR EIGNIR	3 686 712	50
ÝMSIR VIÐSKIPTAMENN	60 067 844	96
ÁFALLNIR VEXTIR	98 315 870	00
ÁBYRGÐIR kr. 33.589.245,00		
	KR. 3 223 620 690	78

sjóðs Íslands 31. desember 1968

SKULDIR	Krónur	aur.
ERLEND LÁN	2 276 567 883	93
LÁN FRÁ INNLENDUM BÖNKUM:		
Lán frá Seðlabanka kr. 22.500.000,00		
Lán frá öðrum innlendum bönkum — 85.908.805,00	108 408 805	00
ÓGREIDDUR HLUTI VEITTRA LÁNA	3 321 102	15
REIKNINGSSKULD Í SEÐLABANKA	5 579 694	61
ÝMSIR VIÐSKIPTAMENN	13 540 591	90
ÁFALLNIR VEXTIR	28 726 417	00
MÓTVIRÐISSJÓÐUR:		
Frá fyrra ári kr. 354.320.864,85		
Tekjur 1968 — 18.783.674,11	373 104 538	96
HÖFUÐSTÓLL	388 000 000	00
VARASJÓÐUR	16 000 000	00
AFSKRIFTAREIKNINGUR	10 000 000	00
ÓRÁÐSTAFADUR TEKJUAFGANGUR:		
Frá 1967 kr. 398.150,15		
Samkv. rekstrarr. 1968 kr. 33.399.489,37		
Eignabreytingar — 2.574.017,71 — 35.973.507,08		
	kr. 36.371.657,23	
